



Akraneskaupstaður

Alþingi  
Erindi nr. P /38/2845  
komudagur 16.6.2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akranesi, 16. júní 2010  
1006039 BG


**Efni:** Barnaverndarlög - endurskoðun júní 2010

Á fundi fjölskylduráðs Akraness, sem haldinn var þann 9. Júní sl., var m.a. lagðar fram umsagnir Guðjóns Bragasonar lögfræðings Sambands Ísl. sveitarfélaga og Hrefnu B. Jónsdóttur framkvæmdastjóra SSV um frumvarp til laga um barnavernd.

*Það tilkynnist hér með að fjölskylduráð tekur undir umsagnir Sambandsins og SSV.*

Virðingarfyllt,

Helga Gunnarsdóttir,  
framkvæmdastjóri





Alþingi  
b.t. félags- og tryggingamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júlí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.**

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 14. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið er afrakstur vinnu starfshóps sem falið var að meta reynsluna af barnaverndarlögum nr. 80/2002 og gera tillögur um breytingar eftir því sem talin var ástæða til. Í starfshópnum átti sæti framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur og var ágæt sátt um þær breytingar sem lagðar eru til í nefndu frumvarpi. Barnavernd Reykjavíkur kom einnig að vinnu starfshópsins með þeim hætti að athugasemdir voru sendar starfshópnum í upphafi starfsins.

Frumvarpið hefur verið kynnt Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og var það samdóma mat nefndarmanna að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu almennt til þess fallnar að skýra betur þá túlkun sem tíðkast hefur frá setningu barnaverndarlaga nr. 80/2002 og auka jafnræði barna óháð búsetu. Tekist hafi með frumvarpinu að skerpa og skýra frekar lagaákvæðin með það að markmiði að lögfesta þá túlkun sem tíðkast hafi, bæði hvað varðar atriði á sviði stjórnslu og réttarfars.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að höfðu samráði við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og embætti borgarlögmanns, vill koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið á framfæri við félags- og tryggingamálanefnd Alþingis:

**1. Staðfesting á móttöku tilkynningar. Athugasemd við f-lið 10. gr. frumvarpsins.**

F-liður 10. gr. frumvarpsins mælir fyrir um skyldu barnaverndarnefnda til að staðfesta, væntanlega bréflaga, við tilkynnanda að tilkynning hafi borist. Barnaverndarnefnd

Reykjavíkur telur slíkt vinnulag til fyrirmyndar gagnvart tilkynnendum skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, þ.e. tilkynnendur sem vegna stöðu sinnar og starfa hafa afskipti af börnum. Gerð er hins vegar athugasemd við að sú skylda verði lögð á barnaverndarnefndir gagnvart tilkynnendum skv. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem óska nafnleyndar skv. 2. mgr. 19. gr. sömu laga. Tilkynnandi getur verið heimilismaður, náinn ættingi, vinur eða nágranni viðkomandi barns og/eða umsjáraðila þess. Í mörgum tilvikum hefur tilkynnandi talið í sig kjark til að tilkynna símleiðis um óviðunandi aðstæður og leggur ríka áherslu á að viðkomandi foreldri fái ekki vitneskju um hver tilkynnandi er. Bréf til staðfestingar á tilkynningu getur því komið illa við marga og verið vandkvæðum bundið að tryggja að það rati ávallt í réttar hendur.

Er því lagt til að í frumvarpinu verði skylda um staðfestingu til tilkynnanda einskorðuð við tilkynnendur skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og að f- liður 10. gr. orðist svo:

*Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda skv. 17. gr. að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningarinnar.*

## **2. Áætlun um meðferð máls. Athugasemd við c- lið 11. gr. frumvarpsins**

Í nágildandi ákvæði 3. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarnefnd skuli meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á. Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingar á 3. mgr. 23. gr. nágildandi laga þess efnis að ef barnaverndarnefnd telur hagsmuni barnsins kalla á samstarf við aðra aðila, s.s. þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2. gr. 17. gr. laganna, beri nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á. Að mati Barnaverndarnefndar Reykjavíkur er orðalagið „beri nefndinni að leggja áherslu á“ um margt óskýrt og til þess fallið að vekja réttmætar væntingar hjá foreldrum um að þeir hafi úrslitavald um það hvort slíku samstarfi verði komið á. Auðvelt er að túlka orðalagið með þeim hætti að samþykki foreldra sé forsenda fyrir því að slíku samstarfi verði komið á, ekki eingöngu skuli afla samþykkis heldur leggja á það sérstaka áherslu að slíku samþykki verði náð. Í athugasemdum er fylgja greinargerð með frumvarpinu segir að með c-lið 11. gr. sé skerpt á skyldum barnaverndarnefndar til að reyna að tryggja nauðsynlegt samstarf í þágu hagsmuna barns. Markmiðið er því að tryggja að barnaverndarnefndir komi á nauðsynlegu samstarfi við þriðja aðila. Með þeirri breytingu sem felst í ákvæði frumvarpsins er matið á þörfinni fyrir samstarfið enn hjá nefndinni en nýmæli ákvæðisins felst í því að leggja beri áherslu á að afla samþykkis foreldra fyrir því að samstarfinu verði komið á. Þannig er í raun verið að veita foreldrum heimild til að hafa beint íhlutunarvald þegar faglegt mat barnaverndarnefndar á samstarfi við faglega aðila liggur fyrir. Af lestri athugasemda sem fylgja í greinargerð með frumvarpinu verður ekki séð hvernig þessi nýja aðferðafræði, þ.e. að þurfa að óska sérstaklega eftir samþykki foreldra fyrir samstarfi við faglega aðila, þjóni hagsmunum barnsins eða þeirrar meðferðaáætlunar sem unnið er að

hverju sinni. Þetta getur jafnframt verið til þess fallið að lengja málsmeðferðina, t.d. í þeim tilfellum þegar staðsetning foreldra er ekki þekkt.

Það er reynsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur að oft er vandkvæðum háð að ná samþykki foreldra fyrir einstaka ráðstöfunum. Orðalagið mætti því vera sveigjanlegra að þessu leyti s.s. með því að beita orðalagi á borð við „*skal nefndin leggja áherslu á að koma slíku samstarfi á*“, án þess að samþykki foreldra sé mögulega forsenda fyrir því.

Er því lagt til að c-liður 11. gr. frumvarpsins orðist svo:

„ 3. mgr. orðist svo:

*Barnaverndarnefnd skal ætíð meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar. Sérstaklega ber að meta þörf á samstarfi við þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. Ef barnaverndarnefnd telur hagsmuni barns kalla á samstarf við þessa aðila ber nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á skal nefndin leggja áherslu á að koma slíku samstarfi á.*

### **3. Sérfróðir meðdómsmenn. Athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins**

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur telur ekki forsendur fyrir því að mæla með skýlausum hætti fyrir um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Í fjölmörgum tilfellum eru aðstæður með þeim hætti að engrar sérfræðipækkingar er þörf utan þeirrar sem hin almenni dómari hefur yfir að ráða. Má í þessum tilfellum nefna dæmi um forsjársviptingar er krafist er á grundvelli c-liðar 1. mgr. 29. gr. laganna. Dæmi þekkjast um að foreldri hafi hlotið dóm fyrir að hafa beitt barn sitt ofbeldi og jafnvel eftir að hafa játað sakagiftum. Í þeim tilfellum má ljóst vera að skilyrði forsjársviptingar séu fyrir hendi og því vandséð hvað sérfræðipækking sérfróðra meðdómsmanna getur fært til málanna. Skipun sérfróðra meðdómenda í dóm er til þess fallin að lengja málsmeðferð fyrir dómi umtalsvert svo ónefndur sé á kostnaðarauki sem slík ráðstöfun hefur í för með sér fyrir ríkissjóð. Í fjölmörgum tilfellum er málsatvik með þeim hætti að skilyrði fyrir forsjársviptingu eru af augljósum ástæðum uppfyllt enda meg þá ráða af gögnum málsins. Sérfróðir meðdómendur hafa í þeim tilfellum enga úrslitabýðingu fyrir niðurstöðu dómsins um það hvort skilyrðum sé fullnægt eður ei. Í framkvæmd hefur það gefist vel að dómari meti það sjálfstætt hvort þörf sé á sérfróðum meðdómendum til setu í dómi og telur Barnaverndarnefnd Reykjavíkur því enga ástæða til að hrófla við þeirri framkvæmd.

### **4. Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga vegna vistunarúrræða**

Lagt er til í frumvarpinu að ríkið beri framvegis ábyrgð á að tiltæk séu úrræði sem sveitarfélögum ber skylda til að standa að samkvæmt nügildandi lögum.

Ganga verður út frá því að ríkið muni tryggja nægilegt framboð úrræða og lögð er á það áhersla að inntaka í úrræði verði skilvirk og sveigjanleg svo að unnt sé að mæta þörf Reykjavíkurborgar fyrir aðgengi að úrræðunum. Lögð er rík áhersla á að tryggt sé að bráðavistunarræði séu ávallt til taks verði frumvarpið að lögum. Á undanförunum árum hefur reynsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur af neyðarvistun Stuðla verið með þeim hætti að oftar en ekki er neyðarvistun synjað vegna plássleysis og viðkomandi barn sett á biðlista. Nú eru rekin fjögur úrræði á vegum borgarinnar sem falla að þeirri skilgreiningu sem fram kemur í 41. gr. frumvarpsins en eru nú rekin á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga. Tvö þessara úrræða eru að hluta til neyðarúrræði og þar hefur ekki komið upp sú staða að barni sé neitað viðtöku vegna plássleysis. Er því lögð rík áhersla á að tryggt verði að sú staða geti ekki komið upp verði breytt verkaskipting að veruleika með samþykkt frumvarpsins, sbr. 41. gr. frumvarpsins.

Fram kemur í fylgiskjölum nr. II og III með frumvarpinu að áætlaður kostnaður af rekstri árið 2010 nemi 203.472.000. Rétt er að fram komi að þegar tekið hefur verið tillit til breytinga sem gerðar hafa verið á þessu ári til að styrkja starfsemi eins af þessum fjórum heimilum er áætlað að þessi fjárhæð nemi um 223.000.000 kr.

Þar sem í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um hvernig staðið skuli að framangreindum breytingum er af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur lögð áhersla á að tryggt verði, áður en frumvarpið verður að lögum, að Reykjavíkurborg þurfi ekki að bera aukinn kostnað vegna breytinganna. Samkomulag þarf að liggja fyrir varðandi ráðstöfun þeirra fasteigna sem nú eru í eigu Reykjavíkurborgar og nýttar í þessum tilgangi og ákvörðun þarf að liggja fyrir varðandi réttindi þeirra starfsmanna sem um er að ræða.

Í 48. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setji reglugerð um fjárhæð þeirra gjalda sem sveitarfélögum beri að greiða vegna vistunar barna á heimilum eða stofnunum á ábyrgð ríkisins. Slík reglugerð skal sett að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rík áhersla er lögð á það af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur að haft verði samráð við fulltrúa borgarinnar enda er þar um að ræða sérstaka stöðu á grundvelli stærðar sveitarfélagsins.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu kemur fram að kostnaður Barnaverndarstofu við umsýslu vegna faglegra og fjárhagslegra verkefna varðandi úrræðin verði innheimtur með gjöldum á sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir að sambærilegur umsjónar- og umsýslukostnaður falli niður hjá sveitarfélögunum. Gerð er athugasemd við þessa fullyrðingu þar sem ganga verður út frá því að áfram verði um að ræða ákveðinn kostnað sveitarfélaganna á þessu sviði.


## **5. Lögsaga.**

Þá er að lokum bent á nauðsyn þess að lagaákvæði séu sett varðandi þær aðstæður sem komið geta upp þegar barnaverndarmál er unnið í dvalarsveitarfélagi barns en foreldri og barn eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi. Barn getur þá átt rétt á þjónustu á grundvelli laga nr.

40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga setja það skilyrði að viðkomandi einstaklingur sé með lögheimili í sveitarfélaginu en sambærilegt skilyrði er ekki að finna í lögum um málefni fatlaðra. Því er brýnt að setja lagaákvæði þar að lútandi, þ.e. hvort dvalarsveitarfélag barns þar sem barnaverndarmál er unnið, beri faglega og jafnframt fjárhagslega ábyrgð á málinu í heild sinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

A handwritten signature in black ink, reading "Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/274/  
komudagur 8.6.2010



Alþingi  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 7. júní 2010  
Tilvísun : 2010040050/33

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um efni frumvarpsins.

I.

Almennt telur Barnaverndarstofa að þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, séu til þess fallnar að bæta vinnslu barnaverndarmála. Má hér nefna sem dæmi skýrari réttarstöðu þess foreldris sem barn býr ekki hjá þegar forsjá er sameiginleg og réttarstöðu forsjárlausra foreldra. Telja verður að þessar breytingar séu til þess fallnar að vinnsla barnaverndarmála taki betur mið af réttindum barna og foreldra sem ekki eiga sama lögheimili og auknum fjölda barna sem alast upp við slíkar aðstæður. Einnig telur Barnaverndarstofa til bóta að gera réttarstöðu fósturforeldra skýrari líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Barnaverndarstofa fagnar sérstaklega aukinni áherslu sem lögð er á það í frumvarpinu að veita börnum tækifæri til þess að tjá sig um mál sem þau varðar, sbr. 21. og 26. gr. frumvarpsins. Breytingar á 46. gr. barnaverndarlaga í þessum efnum, þar sem síðari málsliður 2. mgr. ákvæðisins er felldur á brott, gerir auknar kröfur til þess að barnaverndarnefndir gefi öllum börnum kost á að tjá sig um mál sem þau varða í samræmi við aldur þeirra og þroska. Líkt og fram kemur í athugasemdum með 21. gr. frumvarpsins er með þessari breytingu verið að samræma orðalag ákvæðisins betur þeim kröfum sem gerðar eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í þessum efnum.

Hvað varðar þær breytingar sem lagðar eru til í 49. gr. frumvarpsins um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis þá telur Barnaverndarstofa það til bóta að skýra eftirlitið betur en nú er gert í barnaverndarlögum. Hvað varðar hlutverk félagsmálaráðuneytisins í þessu sambandi, en gert er ráð fyrir að svokallað ytra eftirlit með úrræðum á ábyrgð ríkisins flytjist þangað, þá telur Barnaverndarstofa rétt að taka það fram að ekki er um verulega breytingu að ræða á framkvæmd eftirlitsins þar sem Barnaverndarstofa hefur um margra ára skeið falið utanaðkomandi aðila að annast slíkt eftirlit til viðbótar við það eftirlit sem sérfræðingar stofunnar sinna. Hefur Barnaverndarstofa verið ánægð með þá framkvæmd og telur því ekki ástæðu til að ætla annað en að sú leið, sem lögð er til í frumvarpinu, verði farsæl.

Ákvæði 41 og 45. gr. frumvarpsins lúta að því að ábyrgð á því að tiltækar séu stofnanir til þess að taka við börnum, bæði í bráðatilvikum, til þess að greina vanda og kanna aðstæður barna og veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna, færist frá sveitarfélögum til ríkis.

Barnaverndarstofa telur að sú breyting sé til bóta, enda hefur það sýnt sig að eingöngu stærstu sveitarfélögin hafa burði til þess að reka slíkar stofnanir. Hins vegar telur Barnaverndarstofa ekki rétt að breyta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með þessum hætti nema tryggt sé að Barnaverndarstofa fái nauðsynlegt fjármagn til þess að byggja upp slíkar stofnanir sem barnaverndarnefndir geta nýtt þegar þörf er á. Eins og staðan er í dag er t.a.m. eingöngu starfrækt eitt heimili þar sem sérhæft starfslið starfar þar sem tekið er við börnum í bráðatilvikum og unnt er að kanna vanda þeirra og leggja mat á hvaða meðferð og stuðning bæði börnin og foreldrar þeirra þurfa á að halda, þ.e. Vistheimili barna sem Reykjavíkurborg rekur. Nýting á því heimili hefur verið mjög mikil og alveg ljóst að ekki það mun ekki geta tekið við börnum annars staðar af landinu án þess að langur biðlisti myndist. Taki ríkið yfir rekstur þessara heimila er því ljóst að nauðsynlegt verður að koma á fót a.m.k. einu heimili sem gegnir sambærilegu hlutverki og Vistheimili barna. Stuðningur Barnaverndarstofu með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti er því háður því að stofan fái nauðsynlegt fjármagn til þess að geta sinnt þeirri skyldu að tiltæk séu úrræði til þess að taka við börnum samkvæmt breyttri 79. gr. barnaverndarlaga.

## II.

Barnaverndarstofa telur þó rétt að leggja til nokkrar breytingar við frumvarpið, eins og það var lagt fram á Alþingi.

Í fyrsta lagi telur Barnaverndarstofa rétt að nýjum málslíð verði bætt aftan við b-lið 6. gr. frumvarpsins, þar sem gerðar eru breytingar á ákvæði 16. gr. barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu þar sem lögð er áhersla á að tilkynningarskyldu þegar áhyggjur eru af því að má að foreldrar muni ekki vera í stakk búnir til þess að sinna forsjárskyldum sínum, s.s. vegna fötlunar eða sjúkdóma. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að gera barnaverndarnefnd viðvart um slíkar áhyggjur eins fljótt og kostur er fyrir fæðingu barns svo að barnaverndarnefnd geti metið styrkleika og veikleika verðandi foreldra og undirbúið viðeigandi stuðning í hverju tilviki fyrir sig. Ætla má að slíkar aðgerðir muni auðvelda nýbökkuðum foreldrum að rækja uppeldisskyldur sínar og auka öryggi barnsins á heimilinu strax á fyrstu vikum eða mánuðum. Því er um að ræða vægara úrræði en að vista barn utan heimilis, en komið hafa upp tilvik þar sem slíkt var talið óhjákvæmilegt vegna öryggi barnsins og barnaverndarnefnd fékk ekki tækifæri til þess að meta hvaða stuðningur er nauðsynlegur í viðkomandi máli og gera ráðstafanir til þess að koma slíkum stuðningi á. Leggur Barnaverndarstofa því til að eftirfarandi málslíð verði bætt aftan við b-lið 6. gr. frumvarpsins:

„Sama gildir þegar að öðru leyti er ástæða til að ætla að væntanlegir foreldrar muni ekki geta sinnt uppeldisskyldum sínum með fullnægjandi hætti.“

Í öðru lagi leggur Barnaverndarstofa til að nýjum málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins. Stofan telur rétt að taka fram að telja verður til bóta þær breytingar sem lagðar eru til c-lið 11. gr. og a-lið 13. gr. frumvarpsins þar sem áhersla er lögð á eða meta þörf á samstarfi við aðra aðila, s.s. skóla barnsins, og leitast við að fá samþykki foreldra til að koma slíku samstarfi á við gerð áætlunar um meðferð máls. Ljóst er að hagsmunir þess barns sem mál varðar geta kallað á samvinnu við aðra aðila sem veita barninu þjónustu og nauðsynleg forsenda fyrir því er að unnt sé að barnaverndarnefndir geti deilt nauðsynlegum upplýsingum um stöðu málsins hverju sinni í þeim tilgangi að gera stuðning og þjónustu við barn og foreldra markvissari og líklegri til árangurs. Með hliðsjón af því hversu viðkvæman málaflokk um er að ræða og að trúnaðarskyldan samkvæmt barnaverndarlögum er ríkari en almennt í íslenskri stjórnslu telur Barnaverndarstofa þó rétt að leggja til að nýjum málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins þar sem tekið er sérstaklega fram að trúnaðarskylda 8. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga gildi jafnframt um þá aðila sem barnavernd eigi samstarf við við vinnslu málsins. Leggur Barnaverndarstofa því til að eftirfarandi málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins:

„Trúnaðarskylda 8. mgr. 4. gr. laganna gildir um þá aðila sem barnaverndarnefnd á í samstarfi við í máli barns.“

Í þriðja lagi leggur Barnaverndarstofa til að nýju ákvæði verði bætt við VII. kafla barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda. Eins og 1. mgr. 36.



gr. barnaverndarlaga er orðuð í nágildandi lögu getur Barnaverndarstofa tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Barnaverndarstofa hefur hins vegar engin úrræði samkvæmt barnaverndarlögum til þess að fá vitneskju um það hvar þeir einstaklingar, sem ætla má að veruleg hættu geti stafað af, dveljast og hefur því í raun ekki möguleika til þess að upplýsa barnaverndarnefndir um að slíkir einstaklingar hafi flutt í umdæmi þeirra. Telur Barnaverndarstofa því rétt að stofan fái upplýsingar um það frá ríkissaksóknara án tafar þegar fallið hefur dómur þar sem einstaklingur hefur gerst sekur um kynferðisbrot gegn einstaklingi undir 18 ára aldri. Leiði athugun Barnaverndarstofu á dómnum til þess að líkur séu á því að veruleg hættu kunni að stafa af viðkomandi einstaklingi getur stofan látið framkvæma sérstakt áhættumat á meðan afplánun stendur í þeim tilgangi að meta hvort svo sé. Ef niðurstaða áhættumats bendir til þess að veruleg hættu kunni að stafa af viðkomandi einstaklingi verði Barnaverndarstofu gert viðvart þegar afplánun lýkur og fái jafnframt upplýsingar um dvalarstað einstaklingsins auk þess sem tilkynna þurfi stofunni ef breytingar verða á dvalarstað. Með þeim hætti hefur Barnaverndarstofa möguleika á því að láta barnaverndarnefnd vita ef maður sem ætla má að veruleg hættu stafi af flytji í umdæmi hennar, líkt og ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga gerir ráð fyrir eins og það hljóðar í dag. Barnaverndarstofa leggur því til að 1. mgr. 36. gr. verði orðuð með eftirfarandi hætti:

„Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðom fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma, þegar sakfelld er fyrir brot sem beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, um leið og dómur hefur fallið.“

Einnig leggur Barnaverndarstofa til að eftirfarandi ákvæði verði bætt fyrir aftan 36. gr. laganna, sem verði 36. gr. a:

„Fangelsismálastofnun veitir Barnaverndarstofu upplýsingar um upphaf afplánunar í þeim tilvikum sem brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í þeim tilvikum sem grunur leikur á um að veruleg hættu kunni af stafa af viðkomandi einstaklingi hefur Barnaverndarstofa heimild til þess að láta framkvæma áhættumat á viðkomandi á meðan afplánun stendur.

Bendi niðurstöður áhættumats til þess að veruleg hættu sé talin stafa af viðkomandi einstaklingi veitir Fangelsismálastofnun Barnaverndarstofu jafnframt upplýsingar um lok afplánunar, skilyrði sem sett eru fyrir reynslulausn og fyrirhugaðan dvalarstað einstaklings að afplánun lokinni. Í slíkum tilvikum er viðkomandi einstaklingi jafnframt skylt að tilkynna breyttan dvalarstað til Barnaverndarstofu án tafar.

Stofan getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji einstaklingur sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.“

Telur Barnaverndarstofa að með framangreindum breytingum verði stofunni gert kleift að rækja skyldur sínar sem nú er kveðið á um í 36. gr. laganna með því að geta gert barnaverndarnefndum viðvart þegar einstaklingar sem veruleg hættu kann að stafa af flytja í umdæmi þeirra.

Í fjórða lagi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja athygli á að öðru hverju koma upp mál þar sem barn hefur látist með vofeiglegum hætti eða grunur leikur á um að barn hafi verið beitt ofbeldi sem er það alvarlegt að lífi þess hefur verið stefnt í alvarlega hættu. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að koma á þverfaglegu teymi til þess að fara yfir slík mál í þeim tilgangi að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir, lögreglu- og ákærvald og heilbrigðisyfirvöld brugðust við hverju sinni. Kerfisbundin yfirferð yfir slík mál hefði í för með sér að til yrði mikil þekking á því hvernig bregðast þyrfti við þegar slík mál koma upp. Einnig gæti slíkt sérfræðiteymi verið til ráðgjafar um vinnubrögð þegar mál af þessum toga koma upp. Barnaverndarstofa leggur því til að nýju ákvæði verði bætt við XVII. kafla barnaverndarlaga sem 93. gr. a og að það verði svohljóðandi:

„Á vegum Barnaverndarstofu skal vera starfandi þverfagleg samráðsnefnd um voveifleg dauðsföll barna. Lögreglu og barnaverndarnefndum er skylt að gera nefndinni viðvart þegar upp koma mál þar sem barn hefur látist með voveiflegum hætti eða lífi barns hefur verið stefnt í alvarlega hættu, m.a. vegna alvarlegrar vanrækslu og/eða ofbeldis.

Nefndin hefur það hlutverk að efla forvarnir í málum sem varða voveiflega atburði með því að fara annars vegar yfir aðdraganda slíkra mála og hins vegar málsmeðferð hlutaðeigandi stofnana í þeim tilgangi að draga megi af þeim lærdóm. Nefndin hefur einnig það hlutverk að efla fagleg vinnubrögð í slíkum málum með því að leggja mat á viðbrögð þeirra stofnana sem koma að slíkum málum hverju sinni. Einnig geta heilbrigðis-, lögreglu- og barnaverndaryfirvöld leitað eftir ráðgjöf frá nefndinni þegar upp koma mál sem heyra undir starfssvið hennar.

Auk Barnaverndarstofu skulu embætti landlæknis, barnadeild Landspítalans, embætti ríkislögreglustjóra, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, embætti ríkissaksóknara og barnaverndarnefnd Reykjavíkur hver um sig tilnefnda einn fulltrúa í nefndina.

Starfshópurinn getur óskað eftir aðstoð sérfræðinga við athugun einstakra mála ef hann telur nauðsynlegt. Þeim, sem komið hafa að málum sem nefndin hefur tekið til skoðunar, er skylt að veita nefndinni allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynlegt að afla við athugun mála hverju sinni.“

Í fimmta lagi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja athygli Alþingis á því að á undanföllum árum hafa öðrn hverju komið upp umfjöllun í fjölmiðlum sem varða mál barna, sem annað hvort hafa verið til meðferðar hjá barnaverndarnefndum og/eða réttarvörslukerfinu þar sem umfjöllun hefur verið með þeim hætti að réttur umræddra barna til friðhelgis einkalífs hefur ekki verið virtur. Nýlega samþykkti Evrópuráðið nýjar leiðbeiningar sem varða réttindi barna í réttarvörslukerfinu. Í þeim leiðbeiningum er lögð áhersla á það að gætt sé að rétti barna sem koma að málum bæði hjá réttarvörslukerfinu og barnaverndaryfirvöldum, hvort sem þau eru gerendur, þolendur eða vitni, til friðhelgi einkalífs. Í leiðbeiningunum skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja með löggjöf eða reglum gagnvart fjölmiðlum að þessi stjórnarskrárvarði réttur barna sé virtur. Þannig á að tryggja að ekki séu birtar myndir af eða upplýsingar um barn þar sem unnt er að auðkenna það, hvort sem um er að ræða beinar upplýsingar, s.s. nafn eða heimilisfang, eða óbeinar upplýsingar, s.s. nákvæmar lýsingar á barni, fjölskyldu eða aðstæðum sem auðkennir viðkomandi barn. Í ljósi þess að Ísland er meðal þeirra ríkja sem eru skuldbundin við að fylgja umræddum leiðbeiningum leggur Barnaverndarstofa til að nýju ákvæði verði bætt við XVII. kafla barnaverndarlaga sem 93. gr. b og að það verði svohljóðandi:

„Nafn- og/eða myndbirtingar af börnum eða ungmennum sem eiga mál til meðferðar hjá barnaverndarnefndum eða í réttarvörslukerfinu eru óheimilar. Með sama hætti er óheimilt að birta opinberlega aðrar upplýsingar sem geta auðkennt börn og ungmenni sem eiga slík mál til meðferðar.“

Barnaverndarstofa telur rétt að taka fram að framangreindri tillögu er ekki ætlað að koma í veg fyrir almenna umfjöllun um mál sem til meðferðar eru hjá barnaverndaryfirvöldum eða réttarvörslukerfinu, s.s. lögreglu eða ákærvaldi, eða umfjöllun um einstaka mál, enda ekkert í tillögunni sem kemur í veg fyrir slíka umfjöllun. Markmiðið með henni er fyrst og fremst að vernda þau börn sem fjallað er um hverju sinni. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að líta til þess að börn eiga rétt á að einkalíf þeirra sé verndað eins og kostur og hætt er við því að börn fái á sig stimpil fyrir lífstíð ef viðkvæmar persónuupplýsingar um þau eru birtar opinberlega. Sem dæmi má nefna að í þeim tilvikum sem um er að ræða grun um að ungmenni hafi hegðað sér með saknæmum hætti er mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að taka á sínum málum og gerast gegnir þjóðfélagsþegnar án þess að eiga það sífellt yfir höfði sér dregnar verði fram gamlar fréttir af þeirra málum, þar sem fram kemur, eða ráða má af þeim, hvaða aðili átti í hlut. Barnaverndarstofa áréttar einnig að ákvæðinu er ekki ætlað að skerða tjáningarfrelsi barna og ungmenna, og eiga þau eftir sem áður að tekið þá ákvörðun að stíga fram og ræða um sín mál, ef þau kjósa. Þó þarf í slíkum tilvikum að taka fullt tillit til aldurs og þroska

viðkomandi einstaklings.

III.

Barnaverndarstofa er fús til að veita félagsmálanefnd Alþingis allar nánari upplýsingar og skýringar verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu

*Bragi Guðbrandsson*

Bragi Guðbrandsson  
forstjóri Barnaverndarstofu



*Heiða Björg Pálmadóttir*

Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2679*  
*komudagur 4.6.2010*

Reykjavík 3. júní 2010

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum 557. mál, þskj. 947.

Okkar trú er að breytingarnar styrki stöðu barna gagnvart líkamlegu ofbeldi. Þessar breytingar leggja meiri skyldur á úrræðaraðila að vanda sig í allri vinnslu meðferðar og utanumhalds. Breytingarnar hafa í för með sér aukið eftirlit með úrræðaraðilum. Breytingarnar taka á breyttri samsetningu innflytjanda og menningu þeirra varðandi uppeldi barna.

Ánægjulegt er að andlegt ofbeldi er sett inn í lögin, sem vanvirðandi háttsemi og má flokka einelti og hóprýsting þar undir. Það er okkar trú að betur megi vinna með þá málaflokka, með því að kenna meira í félagslegu starfi með börnum.

Það er okkur ánægja að fjalla um þetta frumvarp þar sem IOGT og Barnahreyfing IOGT (IOGT-B) vinnur að jöfnum réttindum allra, óháð kyni, lítarhætti og trúar- eða stjórnmálalegum skoðunum. IOGT-B vinnur að því að auka skilning barna og unglunga á kostum heilbrigðra lífshátta án fíkniefna. IOGT-B styður réttláta skiptingu auðlinda heimsins. IOGT-B vill vinna að því að deilur milli fólks séu leystar án þess að vopnum eða ofbeldi sé beitt. Markmið okkar er að fólk um allan heim njóti tilgangsríks lífs og frelsis.

Mælt skal eindregið með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst  
f.h. Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

---

Aðalsteinn Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri



Alþingi

Austurstræti 6-8  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2652  
komudagur 2.6.2010

Reykholti, 2. júní 2010  
1006002 SHJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga 557 mál**

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 25. maí 2010 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

**Umsögn um 557. mál, frumvarp til barnaverndarlaga.**  
*Byggðaráð hefur engar athugasemdir við frumvarpið.*

Þessi bókun byggðaráðs var síðan staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 1. júní 2010.

Virðingarfyllt,

Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Nefndarsvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2802  
komudagur 11. 6. 2010

Reykjavík, 7. júní 2010  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 með síðari breytingum, á 138. lögjafarþingi, þskj. 947 – 557. mál**  
Tilv. 2010060007

Margir bændur hafa tekið að sér vistun fósturbarna og því vilja Bændasamtök Íslands með bréfi þessu veita umsögn um frumvarpið. Að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi þessu mælast Bændasamtök ekki gegn samþykkt frumvarpsins.

Bændasamtök Íslands leggjast þó gegn því að 39. gr. frumvarpsins verði að lögum í núverandi mynd. Með ákvæðinu er sú skylda lögð á viðtökusveitarfélag fósturbarns, sem hefur lögheimili í öðru sveitarfélagi, að greiða kostnað við skólagöngu þess. Viðhorf fólks gagnvart fósturbörnum hefur því miður oft á tíðum verið neikvætt og gagnrýnið og er þessi háttur, sem ætlunin er að hafa á, ekki til þess fallinn að bæta úr. Hætta er á því að enn meiri ágreiningur skapist um fóstur barna vegna þessa en það er mikilvægt að fósturbörn, sem eðli málsins samkvæmt, eiga oft erfitt uppráttar í nýju samfélagi, mæti sem minnstri andstöðu íbúa þess. Það er og mikilvægt að sköpuð verði sem mest sátt um tímabundna vistun fósturbarna í sveitarfélögum landsins en með því að fella kostnað við skólagöngu fósturbarns, sem hefur lögheimili annars staðar, á viðtökusveitarfélag er ekki lagður grundvöllur að því, að mati Bændasamtaka Íslands.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/2789**  
**komudagur 10.6.2010**

Ráðhúsinu  
Sími 460 4900  
Fax 460 4901



Dalvík 9. júní 2010  
2010050055

**Efni: umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.**

Undirritaður félagsmálastjóri Dalvíkurbyggðar hefur yfirfarið frumvarp til barnaverndarlaga sem óskað er umsagnar við. Ekki eru gerðar beinar athugasemdir við frumvarpið en vert er að benda á 3 hluti í frumvarpinu.

11. gr. frumvarpsins en 3. mgr. 23. greinar laga. Ég fagna því að heimilt sé að vera í frekara samstarfi við aðra fagaðila sem að málum barnsins koma.

23. gr. frumvarpsins en 51. grein laganna. Þar kemur fram að kærunefnd geti ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál, en mikilvægt er að hafa í huga að formaður litlu nefndanna úti á landi eru sjaldnast lögfræðingar, heldur pólitískt kjörnir fulltrúar með litla eða enga reynslu af barnaverndarmálum.

39. gr. frumvarpsins en 75. grein laganna, þar er rætt um að sveitarfélag sem barn er vistað í beri allan kostnað við skólagöngu barnsins, ég tel það krefjast endurskoðunar og mjög mikilvægt er að fara vel yfir slíka hluti áður en barnið er vistað, veit skólinn af því og eru möguleikar á að sinna þörfum barnsins í skólanum. Einnig getur það lent illa á litlum sveitarfélögum þar sem algengara er að börn séu vistuð en á stóru svæðunum, þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkum fjölda í fjárhagsáætlun skólanna.

Virðingarfyllst,  
Dalvíkurbyggðar

  
Eyrun Rafnsdóttir  
Félagsmálastjóri

Dómarafélag Íslands

Reykjavík, 25. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 14. maí sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og telur félagið margt það sem fram kemur í frumvarpi þessu horfa til mikilla bóta í barnaverndarstarfi.

Einu athugasemdir félagsins eru við ákvæði 24. gr. frumvarpsins, 25. gr. og 29. gr. þess.

Í 24. gr. frumvarpsins segir að mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæði þessu, hafa mál þessi í allmörgum tilvikum verið rekin samkvæmt ákvæðum XIX. kafla einkamálalaga, en það er þó háð mati dómara hvort skilyrði til flýtimeðferðar séu uppfyllt. Telur Dómarafélag Íslands ekki bera nauðsyn til þess að breyta þeirri framkvæmd, að dómari eigi mat á því hvort þörf sé flýtimeðferðar, enda eru mál sem rekin eru samkvæmt ákvæði þessu ólík innbyrðis, eins og öll önnur mál.

Í 25. gr. frumvarpsins segir að í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þ.e. þegar krafist er forsjárviptingar með dómi, skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Í ljósi þess sem að ofan greinir, að mál þessi eru afar ólík innbyrðis, og í sumum tilvikum liggur ljóst fyrir af gögnum málsins að ekki sé þörf sérfræðipekkingar til að leysa úr máli, telur DÍ ekki bera nauðsyn til að ávallt skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Félagið telur að það skuli, eftir sem áður vera háð mati dómara hvort þörf sé á sérfróðum meðdómsmönnum.

Í 29. gr. frumvarpsins er ákvæði um tímafresti vegna þinghalda og fresta, sem veittir eru til gagnaöflunar. Dómarafélagið telur ekki þörf á að gera breytingar á ákvæðum 63. gr. laganna, þar sem frestir sem veittir hafa verið, hafa verið stuttir og mál þessi unnin með eins miklum málshraða og frekast hefur verið unnt.



Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands,

*Ingyeldur Einarsson*  
Ingyeldur Einarsson, formaður.

## Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál

Stjórn fagdeildar félagsráðgjafa á skóla- og fræðslusviði (FFS) gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 10.gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um breytingar sem verða á 21. gr. Laganna viljum við bæta við:

- g. Liður. Barnaverndarnefnd ber að láta leikskóla/skóla vita þegar máli barns er lokað hjá nefndinni.

*Rökin eru þau að dæmi eru um að starfsfólk skóla/leikskóla sé í góðri trú um að mál barns sé undir eftirliti og í gangi hjá barnaverndarnefnd jafnvel löngu eftir að því hefur verið lokað.*

Í 11.gr.frumvarpsins, c-lið en þar er fjallað um hvað breytingar eigi að gera á 23.gr. laganna viljum við orða svo:

- c-liður. Barnaverndarnefnd skal ætíð vera í samstarfi við þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2.mgr. 17.gr. Leggja ber áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

*Rökin eru þau að kennari barnsins og/eða skólafélagsráðgjafi eru oft í nánu sambandi við barn og geta gert skýra grein fyrir líðan þess og þörfum. Samstarf þessara aðila verður því að teljast þjóna hagsmunum barns.*

Í 13.gr. frumvarpsins er rætt um breytingar sem gerðar verði á 26.gr. laganna. Þar er talað um í a-lið að heimilt verði þeim aðilum sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2.mg.17gr. og 18.gr. í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt fyrir hagsmuni barns.

- Þetta þyrfti að vera á báða bóga, þ.e. að ofangreindum aðilum verði heimilt að gefa starfsmönnum nefndarinnar samsvarandi upplýsingar þegar það þjónar hagsmunum barns.

Við viljum lýsa ánægju okkar með þá viðleitni sem virðist vera í frumvarpinu í þá átt að efla samstarfið á milli barnaverndarstarfsmanna og þeirra sem daglega vinna með barninu, með hagsmuni þess að leiðarljósi.

Alþingi  
Eriundi nr. P 138/2715  
komudagur 4.6.2010



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2010

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.**

Félag náms- og starfsráðgjafa óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við Nefndasvið Alþingis:

Félag náms- og starfsráðgjafa kemur ekki með athugasemdir varðandi frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 en vill minna á að náms- og starfsráðgjafar eru trúnaðarmenn og talsmenn nemenda og því rík ástæða til að tilgreina náms- og starfsráðgjafa meðal fagfólks sem sinnir börnum í skóla.

F.h. Félags náms- og starfsráðgjafa



Björg Kristjánsdóttir, formaður

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2010

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, nr. 557**

Stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd kom saman og fór yfir frumvarpið. Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með tímabæra endurskoðun laganna. Sérstaklega vill stjórnin nefna ánægju með eftirfarandi breytingar: Að tilkynningaskylda nái nú einnig til barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, að barnaverndarnefndir landsins eigi nú óvæfengjanlegan rétt á gögnum frá stofnunum og fagaðilum, að sett eru tímamörk á gagnaöflun og afgreiðslu mála fyrir dómstólum, að settar hafa verið greinar er fjalla um réttarstöðu forsjárlausra foreldra sem og forsjárforeldra sem barn býr ekki hjá. Auk þess fögnum við því að börn njóti nú meiri jafnræðis, óháð búsetu, varðandi úrræði er eiga að tryggja hagsmuni þeirra og öryggi.

Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. 10. gr e-liður. Stjórnin fagnar því að fastsettur er frestur í vinnslu máls. Miðað við vinnuálag á starfsmönnum í barnavernd almennt þá þykir þessi stutti frestur hinsvegar óraunhæfur.
2. 10. gr f-liður. Eðlilegt þykir að staðfesta eingöngu tilkynningu samkvæmt 17. gr barnaverndarlaga þar sem markmið f-liðar er að auka samstarf barnaverndarnefnda og annarra er koma að málefnum barna.
3. 12. gr b-liður. Lagt er til að í sérstökum tilfellum vari fósturráðstöfun til allt að 23 ára aldurs sbr. norsk barnaverndarlög.
4. 26. gr. Hér er þörf á afgerandi orðalagi: *Getur barn gengið inn í mál sem er til meðferðar hjá dómstólum áður en barn náði 15 ára aldri? Eða á það rétt á að ganga inn í mál sem hefst eftir að 15 ára aldri er náð?*
5. 48. gr. Ekki er tekið á því að barn með umönnunarbætur sem vistað er utan heimilis missir umönnunarbæturnar við þá ráðstöfun.

Fyrir hönd fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd.



María Gunnarsdóttir, formaður

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2726  
komudagur 7.6.2010

Félagspjónusta  
Rangárvalla- og  
Vestur-Skaftafellssýslu

**FÉLAGSPJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Dufpaksbraut 12, 860 Hvolsvelli. Sími: 4878125 og 487 8768

---

Hvolsvelli, 4. júní 2010

Skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150, Reykjavík


Til þeirra er málið viðkemur.

Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu gerir eftirfarandi athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum 80/2002:

39. grein: Nefndin hefur áhyggjur af togstreitu sem kunni að skapast milli sveitarfélaga og mismunandi áherslum varðandi túlkun á hvað falli undir almenna þjónustu og svo aftur sérþarfir og sérfræðiþjónustu í tengslum við skóalgöngu. Þá bendir hún á að nokkurt misræmi komi fram í kafla 5.3. um að “best fari á því að sá aðili sem ber meginábyrgð á kostnaði sé einnig sá sem velur úrræði fyrir tiltekið barn”. Ákveði BR til dæmis að koma barni í fóstur í lítið sveitarfélag, þá getur það einmitt þýtt að sveitarfélagið beri töluverðan kostnað af því úrræði, þá ekki síst ef um styrkt fóstur er að ræða.

47. og 48. greinar: Nefndin hefur sömuleiðis áhyggjur af kostnaði þeim sem mun fylgja því að vista barn á stofnun á vegum ríkisins. Kostnaðarbyrðin gæti hugsanlega haft í för með sér að minnstu sveitarfélögin veigri sér við að beita slíkum úrræðum.

Fyrir hönd barnaverndarnefndar,

  
Alfhildur Hallgrímsdóttir, félagsmálastjóri  
Félagspjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2716  
komudagur 4.6.2010

## ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði 2. júní 2010

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.

Á fundi barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum þann 2. júní 2010 var tekin fyrir beiðni um umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum tekur undir fyrirvara fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við 39. gr. frumvarpsins, en þar eru lagðar til breytingar á 75. gr. barnaverndarlaganna. Nefndin tekur undir það sjónarmið fulltrúans að tillagan gangi þvert gegn grundvallarreglu um þjónustu sveitarfélags við lögheimilisþegna sína. Nefndin vill jafnframt vekja athygli á að fyrir lítill sveitarfélög, þar sem starfa litlir skólar en hlutfall fólks með leyfi til að fóstora börn er hátt getur verið um verulega íþyngjandi skyldur að ræða sem fela í sér verulegar kostnaðarhækkningar fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum vill að öðru leyti lýsa yfir ánægju sinni með frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum

Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður  
Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2745  
komudagur 8.6.2010

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 4. júní 2010.

**Efni:** umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, 557. mál, þskj. 947.

Með tölvubréfi, dags. 14. maí 2010, óskaði félags- og tryggingamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, 557. mál, þskj. 947. Umsögn Jafnréttisstofu er hér fyrir neðan.

## Almennt um frumvarpið:

Jafnréttisstofa fagnar því að fram séu komnar tillögur sem miða að því að bæta og styrkja stöðu barna enn frekar en nú er gert og að staða viðkomandi stjórnvalda sér gerð skýrari og kveðið nánar á um það hvað tilheyrir ríki og sveitarfélögum. Allt miðar það að því að tryggja sem best stöðu og aðbúnað barna. Jafnréttisstofa telur þó að ekki sé heppilegt, með vísan til almennra reglna um góða stjórnarsýsluhætti, að takmarka svo mjög kærheimildir varðandi ákvarðanir barnaverndarnefnda sem lagt er til í frumvarpinu.

Jafnréttisstofa einskorðar umsög sína við þau ákvæði sem tengjast stöðu foreldra, enda tengjast þau ákvæði mest starfsemi Jafnréttisstofu eins og hún er skilgreind akv. jafnréttislögum nr. 10/2008.

## Um 6. gr. frumvarpsins:

Þar er lagt til að fjallað verði með skýrari hætti um tilkynningarskyldu vegna þunguðra kenna en gert er í núgildandi lögum. Því er bætt við að tilkynningarskyldan nái til þess þegar þunguð kona er beitt ofbeldi. Jafnréttisstofa fagnar því að sérstaklega verði nú kveðið á um tilkynningarskyldu þegar þunguð kona er beitt ofbeldi, en rannsóknir benda til þess að hættan á ofbeldi aukist á meðgöngu. (Ingólfur V. Gíslason (2009) *Ofbeldi í nánum samböndum*, bls. 46.)

Jafnréttisstofa leggur jafnframt til að bætt verði inn í setninguna „...eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi, eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi...“. Með því að bæta þessu við er heilsa bæði hins ófædda barns og móður vernduð með tryggari hætti en það sem segir nú í frumvarpstextanum.

## Um 16. gr. frumvarpsins:

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 33. gr. laganna um það að val barnaverndarnefndar á aðila sem tekur að sér að annast barn sem er vistað utan heimilis skv. ákvæðum barnaverndarlaga sé ekki



kæranlegt til kæruneftndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds. Ein undantekning er á þessu, sjá hér síðar.

Jafnréttisstofa er efins um þá leið sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að það verði ekki hægt að kæra ákvarðanir barnaverndarneftnda um val á aðila/aðilum sem barn skal vistast hjá þegar það er vistað utan heimilis. Almenna reglan í stjórnsýslunni er sú að ákvarðanir séu kæranlegar og er það til að tryggja betur réttarstöðu allra aðila sem hlut eiga að máli og hagsmuna hafa að gæta. Hér getur það sérstaklega átt við um foreldra og aðra nákomna. Segja má að það að ákvörðun sé kæranleg geti jafnframt haft þau áhrif að ákvarðanir barnaverndarneftnda séu vandaðar ennþá frekar, enda markmiðið með því að hafa ákvarðanir stjórnvalda almennt kæranlegar til æðra stjórnvalds að stulað að því að ákvarðanir verði réttar. (Páll Hreinsson (1994) *Stjórnsýsluréttur*, bls. 251.

Jafnréttisstofa leggur til að þessi grein verði felld út úr frumvarpinu og kæruleiðin verði áfram möguleg.

Um b. lið 34. gr. frumvarpsins:


Hér er fjallað um réttarstöðu foreldris sem barn býr ekki hjá þegar forsjá er samelginleg og foreldri sem barn býr hjá afsalar sér umsjá eða úrskurðað er um að barn skuli vistast tímabundið utan heimilis. Barnaverndarneftnd metur þá hvort hitt foreldrið, sem einnig fer með forsjá, sé besti kosturinn. Kveðið er á um að það að foreldri sem hefur óskað eftir umsjá barns og fær hana ekki getið kært til kæruneftndar barnaverndarmála.

Jafnréttisstofa veltir því upp hér hvort ekki sé eðlilegt að meginreglan sé sú að foreldrið sem fer með forsjána, þótt barn hafi ekki verið með lögheimili hjá því foreldri, fái umsjána og/eða barn sé vistað hjá því foreldri. Það skýtur nokkuð skökku við að barnaverndarneftnd þurfi sérstaklega að meta hæfi foreldris sem hvort eð er fer með forsjá barns. Jafnréttisstofa leggur til að það verði skoðað gaumgæfilega hvort ekki sé heppilegra að reglan verði efnislega eins og Jafnréttisstofa bendir á.

Í ákvæðinu er ekkert fjallað um s töðu barna og foreldra sem er mjög algeng, en það er sú staða að börn búi til jafns hjá báðum foreldrum. Ef staðan er þannig þá hlýtur að vera eðlilegt að hitt foreldrið, sem hvorki afsalar sér umsjá, né úrskurðað er um að barn skuli tímabundið ekki búa hjá, taki við fullri umsjá og barn búi þá tímabundið alfarið hjá því foreldri. Sú regla sem kemur fram í barnalögum um það að barn skuli alltaf eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu gefur alls ekki alltaf rétta mynd af raunverulegri búsetu og hógum barns og foreldra.

Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að staðan í þessum tilvikum sé skýrð og leggur til að bætt verði við ákvæðið reglu um þau tilvik þegar barn í raun býr hjá báðum foreldrum þar sem tekið væri af skarið um dvalarstað barns og umsjá í tilvikum sem gætu fallið undir ákvæðið.

Virðingarfyllst  
f.h. Jafnréttisstofu

  
Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



Alþingi  
Erindi nr. P/138/2655  
komudagur 2.6.2010



Félagsþjónusta  
Kópavogs

Skrifstofa Alþingis  
bt. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Komudagur: 14. maí 2010  
Kópavogur 1. júní 2010

**Umsögn Félagsþjónustu Kópavogs** við frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

**Þskj:** 947

**Mál:** 557

**Sendandi:** Ingibjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Aðalsteinn Sigfússon félagsmálastjóri.

**Dags:** 1. júní 2010

Ofangreindir starfsmenn Félagsþjónustu Kópavogs tóku frumvarpið til umfjöllunar, þar sem allsherjarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn félagsþjónustu Kópavogs með tölvupósti dags. 14. maí 2010 um frumvarp til laga um breytinga á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

Í ljósi þess að í 11. og 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um skylduna til að meta þörf á samstarfi og til að koma á samstarfi með skýrari hætti en er í núgildandi lögum. Í 13. gr. er það mikilvæga nýmæli að barnaverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði að láta aðilum sem nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. laganna í té upplýsingar um líðan barns og meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins. Með þessu er leitast við að tryggja möguleika á virkara samstarfi en nú er með hagsmunum barns að leiðarljósi. Einnig þarf að vera til staðar ákvæði þess efnis að þeir aðilar sem móttaki upplýsingar sem eru hluti af barnaverndarmáli beri ákveðnar trúnaðar eða þagnarskyldu um þau mál.

Í 21. gr. er lagt til að fella niður aldursmörk þau sem er að finna í 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, en markmiðið er að auka rétt barna til þátttöku. Þetta ákvæði veldur okkur ákveðnum áhyggjum þar sem við teljum að með þessari breytingu geti skapast ákveðinn óvissa og að barnaverndarnefndir veigri sér við framkvæma þetta mat auk þess sem það gæti orðið kostnaðarsamt fyrir sveitarfélagið.



Við fögnum þeim nýmælum í barnaverndarlögunum sem taka til þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu með óviðeigandi eða háskalegu líferni sínu, sbr. 3. lið 21. gr., e-lið 1. mgr. 24. gr. og 31. gr. en gerum þó einnig athugasemd við þær. Við teljum að það þurfi að koma heimild inn í barnaverndarlögin fyrir barnavernd eins og 31. gr. nágildandi barnaverndarlaga um neyðarráðstafanir, þegar þær aðstæður koma upp að þunguð kona sem stofnar lífi og heilsu ófædd barns síns er ekki í samvinnu við barnavernd og ljóst er að konan og ófædda barnið þurfi með sem skjótustum hætti aðstoð. Í slíkum aðstæðum væri hægt að beita neyðarráðstöfun og konan flutt með aðstoð lögreglu á sjúkrahús.

Í 34. gr. frumvarpsins er réttarstaða foreldra skýrð betur í tengslum við umsjá barns sem við fögnum og teljum sjálfsagða og eðlilega. Í a-lið 34. gr. er fjallað um réttarstöðu foreldris sem ekki fer með forsjá barns. Þegar forsjárlaus foreldri tekur við umsjá barns tímabundið gilda um það sömu reglur og um tímabundið föstur. Það þýðir að greiða þarf foreldri fyrir að annast barnið sitt. Við teljum að útfæra mætti þetta ákvæði á þann veg að ekki þyrfti að greiða foreldri sérstaklega fyrir umönnunina. Foreldrum ber siðferðileg og lagaleg skylda til að annast börn sín og því þykir okkur óeðlilegt að greiða þurfi foreldri sérstaklega fyrir að sinna þeirri skyldu sinni. Þar sem um forsjárlaust foreldri er að ræða sem alla jafna greiðir þá meðlag til þess foreldris sem fer með forsjá barns, gætu barnaverndarlögin kveðið á um það að ef barnið sannarlega vistast tímabundið hjá forsjárlausu foreldri skuli meðlag og barnabætur flytjast tímabundið yfir til þess foreldris sem barnið er hjá, án þess þó að breyta lögheimili eða forsjá á þessum tímamarki. Þessi niðurstaða er eðlileg miðað við að þessar greiðslur eiga að fylgja barninu en ekki foreldrinu.

Í 34. gr. b er fjallað um réttarstöðu foreldris sem barn býr ekki hjá, þegar um sameiginlega forsjá er að ræða. Þar kemur fram að barni sé ráðstafað til eða sett í umsjá hins foreldrisins. Við veltum fyrir okkur hvort sá skilningur okkar sé réttur á þessu ákvæði að þá sé barnið ekki vistað hjá hinu foreldrinu þar sem höfðað er til ábyrgðar foreldra með sameiginlega forsjá. barnavernd beri einungis þær skyldur að kanna þörf barns á áframhaldandi stuðningi skv. 35 gr. frumvarpsins.

Í b – lið 48. gr. frumvarpsins er fjallað um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um upphæð gjalda vegna vistunar barna á heimilum eða stofnunum. Við teljum nauðsynlegt að slík reglugerð verði sett að fenginni sameiginlegri tillögu þessara aðila. Jafnframt teljum við nauðsynlegt að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi skýlausa aðkomu að ákvörðunartöku varðandi stærð hlutdeildar sveitarfélaga í rekstri úrræða á vegum ríkisins sbr. 47. gr.



Að öðru leyti tökum við undir þau rök er færð hafa verið fyrir lagabreytingum í frumvarpinu Félagsþjónusta Kópavogs og lýsum yfir stuðningi við það og vonum að það verði að lögum

Virðingarfyllst,  
f.h. Félagsþjónustu Kópavogs

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir  
lögfræðingur

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/2653**  
**komudagur 2. 6. 2010**

**Kærunefnd barnaverndarmála**

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
sími 545 8100, bréfsími 552 4804  
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 2. júní 2010  
Tilv.: KB10060001/

Efni: Umsögn kærunefndar barnaverndarmála um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Kærunefnd barnaverndarmála hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, þingskjal 947-557. mál.

Kærunefnd barnaverndarlaga telur margt í frumvarpi þessu horfa til mikilla bóta í öllu barnaverndarstarfi.

Má þar fyrst nefna 1. gr. frumvarpsins, er kveður með skýrara hætti en áður var um kærueheimild til kærunefndar barnaverndarmála.

Í b. lið 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um réttarstöðu barns sem verður lögráða í fóstri og allt til 20 ára aldurs. Að mati kærunefndar barnaverndarmála væri til bóta að taka af öll tvímæli um hver bera skuli kostnað við úrræði og ráðstafanir fyrir ungmenni á aldrinum 18 – 20 ára, en í 39. gr. frumvarpsins sem kveður á um greiðslur sveitarfélags til fósturforeldra vegna barna í fóstri, er aðeins rætt um börn, þ.e. einstaklinga sem ekki eru orðnir 18 ára gamlir.

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með skýrum hætti að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis, samkvæmt 25. og 27.-29. gr. laganna sé ekki kæranelegt til kærunefndar barnaverndarmála, eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b. Mál af þessum toga hafa borist kærunefnd barnaverndarmála og komið þar til úrskurðar. Jafnvel þótt því beri að fagna að nú sé kveðið á um með skýrum hætti, að kærueheimild sé ekki fyrir hendi og þannig eytt nokkurri réttaróvissu, er bent á að orka kann tvímælis að ekki sé unnt að bera svo veigamikla ráðstöfun, sem val á fósturforeldrum er, undir annað stjórnvald. Kærunefnd barnaverndarmála hefur þó skilning á þeim viðhorfum sem fram koma í athugasemdum með ákvæði þessu.

Í 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um að kærunefnd geti ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveðið upp úrskurð ef mál þyki ekki varða mikilsverða hagsmuni barns. Þetta ákvæði horfir til mikilla bóta, þar sem til kærunefndar barnaverndarmála berst nokkur fjöldi mála, sem eingöngu snúast um aðild máls, kærufrest, kærueheimild og það sem kalla má

túlkun laga, eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæði þessu.

Í 38. gr. frumvarpsins er kveðið á um að réttarstöðu fósturforeldra. Kærunefnd barnaverndarmála hefur ávallt litið þannig á að fósturforeldrar hefðu aðilastöðu í málum um umgengni og gætt þess að afstaða þeirra lægi fyrir áður en ákvörðun er tekin í máli. Þeir hafa þó ekki notið takmarkalauss aðgangs að gögnum og hefur framkvæmdin verið sú að þeim hafa verið kynnt þau gögn sem nauðsynleg hafa verið talin til að þau gætu komið afstöðu sinni á framfæri við nefndina.

Að síðustu vill kærunefnd barnaverndarmála geta þess að til mikilla bóta horfði, ef inn í frumvarpið yrði bætt ákvæði er kvæði á um það með skýrari hætti en gert er í núgildandi lögum, að barnaverndarnefnd bæri, með skriflegum, sannanlegum hætti, að tilkynna aðilum um að úrskurður eða stjórnsluákvörðun hefði verið tekin í máli, sem kæránleg væri til kærunefndar barnaverndarmála innan þess frests sem löggin tilgreina, þ.e. innan fjögurra vikna að óbreyttum lögum, sbr. ákvæði 51. gr. barnaverndarlaga.

Athugasemd þessi er gerð í ljósi þess að til kærunefndar barnaverndarmála hafa borist mál þar sem vafi hefur leikið á hvort leiðbeiningaskyldu varðandi kærufrest og kærheimild hafi verið gætt.

F.h. kærunefndar barnaverndarmála

  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir



## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2695  
komudagur 4.6.2010

Reykjavík 2. júní 2010.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Tilvísun yðar:** Þskj. 947 – 557. mál 138. löggjafarþing

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

### Almennt:

Landssamband lögreglumanna (LL) gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið í heild sinni né einstaka greinar þess.

LL finnst þó rétt að gera almennar athugasemdir við frumvarpið og umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er varðar kostnaðarmat á áhrifum framlagningar frumvarpsins, svo sem nánar greinir hér að neðan.

Í umsögn um 8. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

*„Tilkynningum frá lögreglu til barnaverndarnefnda hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum án þess að um hafi verið að ræða samsvarandi fjölgun barnaverndarmála. Þannig telst stór hluti tilkynninga frá lögreglu fjalla um smávægileg brot þar sem barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að kanna mál ekki frekar, sbr. 5. mgr. 21. gr. laganna þar sem fram kemur að ákvörðun um að hefja könnun skuli ekki tekin nema rökstuddur grunur gefi tilefni til þess. Rétt þykir að takmarka tilkynningarskyldu lögreglu um brot barna og brot gegn börnum og mæla með því að orðalag 18. gr. laganna verði fært að mestu leyti til samræmis við ákvæði 61. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en samkvæmt því ákvæði ber lögreglu að tilkynna barnaverndarnefnd ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum*

*hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi.*“

Nú standa fyrir dyrum miklar skipulagsbreytingar í lögreglu, sem miða að því að fækka og stækka umdæmi lögreglustjóra þ.a. lögreglustjórar í landinu verði sex (6) í stað fimmtán (15) eins og nú er. Eitt af meginmarkmiðum þessara skipulagsbreytinga er að draga saman í rekstri lögreglu til að ná fram markmiðum fjárlaga yfirstandandi og komandi ára. Þessum samdrætti mun verða náð, eftir því sem segir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna frumvarps til breytinga á lögreglulögum, með eftirfarandi hætti:

*„Markmið breytinganna eru í meginatriðum tvíþætt, annars vegar að ná fram hagræðingu í rekstri og hins vegar að auka faglega burði lögreglunnar á landsbyggðinni. Með þessum aðgerðum er leitast við að ná fram betri stýringu á fjárveitingum til málaflokksins, sérstaklega í ljósi þess að fjárveitingar koma til með að dragast saman á næstu árum. Gera má ráð fyrir að það gerist einkum með fernum hætti. Í fyrsta lagi leiðir af stækkun embættum að yfirmönnum fækkar hlutfallslega meira en almennum lögreglumönnum. Í öðru lagi má gera ráð fyrir að lögreglumönnum sem og öðru starfsfólki löggæsluembættum fækki í heildina á næstu árum með því að nánast engar nýráðningar koma á móti fækkun vegna þeirra starfsmanna sem fara á eftirlaun eða hverfa til annarra starfa. Í þriðja lagi er áætlað að með samþættingu verkefna á landsvísi við einstök umdæmi lögreglu komi til með að verða betri nýting á starfsfólki og samhliða endurskipulagningu á öllu innkaupafærli lögreglu náist fram veruleg hagræðing. Í fjórða lagi er ætlunin að skipta fjárveitingum til löggæslu í samræmi við reiknilíkan þannig að meira tillit verði tekið til íbúafjölda og umferðar í umdæmi en verið hefur.“*

Nokkru síðar í umsögninni segir síðan:

*„Samtals gera áætlanir dómsmálaráðuneytisins því ráð fyrir að bein hagræðing vegna þessa frumvarps verði rúmar 330 m.kr. á ári eða 4,5% af veltu starfseminnar. Í sameiningaráformum ríkisstofnana hefur hins vegar verið horft til þess að hagræðið gæti orðið á bilinu 10–15% og væri sparnaðurinn þá á bilinu 700–1.000 m.kr.*

*Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að heildarsparnaður gæti verið á bilinu 330–450 m.kr. á ári allt eftir því hvað starfsmönnum verður fækkað mikið í samræmi við möguleika sem frumvarpið skapar. Mat á mannaflspörf hinna nýju lögregluembættum í samræmi við þetta frumvarp hefur hins vegar ekki verið metin og er gert ráð fyrir því að það verði hlutverk verkefnisstjórnarinnar að útfæra frekari hagræðingu innan málaflokksins þannig að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað enn frekar.“*



Öllum, sem koma að málum sem eru til vinnslu hjá lögreglu hverju sinni, er það ljóst að málefni er snerta börn og ungmenni kalla að öllu jöfnu á mikla vinnu lögreglu og tímafreka, með tilheyrandi kostnaði. LL óttast því, í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan og nánar hér síðar í þessari umsögn, um áform um sparnað í rekstri lögreglu í ár og á komandi árum, að málefni er snerta börn og ungmenni muni „fara aftur í röðina” á verkefnalista lögreglu hverju sinni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir æsku þessa lands sem og þjóðfélagið í heild sinni.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um kostnaðaráhrif vegna framlagningar þeirra lagabreytinga sem hér eru til umfjöllunar segir m.a:

*„Verði frumvarpið lögfest er gert ráð fyrir að útgjöld sem nú svara til um 262-312 m.kr. færast til ríkisins þannig að útgjöld ríkissjóðs aukist sem því nemur. Fyrirhugað er að þessum auknum útgjöldum verði mætt með gjaldi á sveitarfélög sem senda börn í vistun. Þar sem sú reglugerð og fyrirkomulag gjaldtöku og fjárhæðir liggja ekki fyrir hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur fjármálaráðuneytið ekki forsendur til að meta hvort sú tekjuöflun geti gengið eftir þannig að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt eftir sem áður.“*

Hér virðist eingöngu horft til þess kostnaðarauka sem ríkissjóður kann að verða fyrir vegna vistunar barna á vistheimilum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Ekkert er fjallað um né tekið tillit til aðkomu lögreglu að þessum málaflokki eða þeim kostnaði sem af þeirri aðkomu kann að hljóta, sem hlýtur að teljast varhugavert í ljósi þess niðurskurðar sem boðaður hefur verið á fjárheimildum lögreglu.

Í samræmi við það sem fram kemur í umsögn um 8. gr. frumvarpsins er það óvarlegt, að mati LL, að áætla það að þau markmið sem lagt er upp með við framlagningu laga um breytingu á lögreglulögum, sem nú er til meðferðar hjá allsherjarnefnd Alþingis muni ekki hafa einhver og jafnvel veruleg áhrif á rekstur lögreglu til lengri tíma litið. Það er því, að mati LL, óhjákvæmilegt annað en að þau mál er falla undir barnaverndarlög og það frumvarp sem hér er til umfjöllunar komi til með að líða fyrir þau markmið sem lagt er upp með í framlögðum breytingum á lögreglulögum. Því óttast LL að málefni barna og ungmenna geti beðið hnekki af því sem lagt er upp með í áður tilvitnuðum breytingum





á lögreglulögum og því það kostnaðarmat, sem lagt er fram með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar illa ígrundað, að mati LL, enda liggja ekki fyrir kostnaðartölur frá lögreglu vegna málefna er snerta börn og ungmenni og aðkomu lögreglu að þessum málaflokki.

Í þeim breytingum, sem lagt er upp með að gerðar verði á lögreglu, er verið að horfa til þeirrar þjónustu sem lögregla veitir hverju sinni. Þar hefur verið lögð til grundvallar mikil og góð vinna sem unnin var hjá embætti Ríkislögreglustjórans um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar. Það er ljóst að lögregla hefur þurft, í gegnum tíðina, að forgangsraða verkefnum og slíkt hefur verið að gerast í æ auknari mæli. Verði það frumvarp, um breytingar á lögreglulögum, að lögum frá Alþingi má gera ráð fyrir því að lögregla þurfi enn frekar að draga saman í rekstri sínum á yfirstandandi og komandi árum og því óhjákvæmilegt annað en að ætla að þau mál sem falla undir barnaverndarlög, í víðasta skilningi þeirra komi til með að „mæta afgangi” þegar lögregla þarf í enn auknari mæli en nú er að forgangsraða þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna að lögum og reglugerðum hverskonar.

LL hefur áður lagt á það áherslu, og ítrekar það hér enn og aftur, að nauðsynlegt sé að skoða heildstætt öll þau málefni er varða réttarvörslukerfið á Íslandi þ.m.t. þau málefni er varða börn og ungmenni. Raunin virðist vera sú nú að verið sé að vinna í hinum ýmsu málaflokkum er snerta þau málefni er lögreglu er ætlað, skylt eða „heimilað” að koma að með ýmsum þeim rúmlega eitt hundrað (100) lögum, sem samþykkt hafa verið frá Alþingi Íslendinga og rúmlega tvö hundruð og fimmtíu (250) reglugerðum byggðum á þessu sömu lögum, af mörgum aðskildum og ólíkum ráðuneytum Stjórnarráðsins sem og hinum ýmsu nefndum Alþingis.

Við einfalda orðaleit, í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar koma birtingamyndir leitarorðsins „lögre” fyrir átján sinnum í frumvarpinu og athugasemdum við einstaka greinar þess, sem eru fimmtíu og ein (51) að tölu. Orðbirtingamyndin er jafnan með forskeytunum „skal”, „skyldu”, „tilkynningaskyldu” og „ber” svo eitthvað sé nefnt. Af




---

Þessu má því ráða að skyldur lögreglu eru allmiklar er kemur að framkvæmd þessara laga enda er öllum lögreglumönnum ljóst mikilvægi allra mála er snerta börn og ungmenni.

Að síðustu ítrekar LL það sem áður hefur verið sagt í umsögnum sem sendar hafa verið allsherjar- og utanríkismálanefndum Alþingis að afar lítill tími er gefinn umsagnaraðilum til að koma að athugasemdum sínum, sem eitt og sér verður að teljast alvarlegt í ljósi þeirra gríðarlega miklu hagsmuna sem hér hafa verið til umræðu.

LL áskilur sér að lokum allan rétt til að koma að frekari ábendingum og athugasemdum á síðari stigum málsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður

Mál nr. 557

## Skýrsla nr. 2 um barnaverndarlög nr. 80/2002 Unnið af stjórn Landsamtaka vistforeldra í sveitum í maí 2010

---

Stjórn Landsamtaka vistforeldra í sveitum (LVS) þakkar innsent erindi og lýsir yfir ánægju með að leitað sé til samtakanna varðandi endurskoðun barnaverndarlaga nr 80/2002.

Það var samdóma álit okkar stjórnarmanna að margar þær breytingartillögur á lögnum frá 2002 séu til bóta, en við söknum þess mjög að ekki skuli komið meira inn á réttindi og starfsskilyrði fósturforeldra. Á allnokkrum stöðum er vísað í norsk barnaverndarlög og framkvæmd þeirra, vildum við hafa séð að réttindi og skyldur fósturforeldra þar í landi hefðu einnig verið tekin til fyrirmyndar þegar breytingartillögur að barnaverndarlögnum voru gerðar. Því himinn og haf skilur að starfsumhverfi fósturforeldra í þessum löndum.

Eins og staðan er í dag eru fósturforeldrar verktakar hjá barnaverndarnefndum landsins. Þeir eru án allra réttinda til fría, fæðingar- og sjúkraoríofs, eftirlauna og fræðslu og stuðnings í starfi sínu. Rammi fóstursamnings er í mörgum tilvikum í lausu lofti, t.d. hvað varðar hver ber að greiða hina ýmsu kostnaðarliði sem hljótast af vistun barns. Við söknum faglegri vinnubragða, t.d. að í upphafi fósturs skuli sett ákv. markmið sem leitast er við að ná með teymisvinnu þeirra aðila sem að máiefnum barnsins koma. Við lok fósturs haldi þessir sömu aðilar skilafund þar sem farið er yfir hvernig til hefur tekist, reynslan nýtist í áframhaldandi vinnu, bæði með þennan sama einstakling svo og áframhaldandi vinnu með nýjan einstaklinga. Við viljum einnig sjá miklu meiri fræðslu til fósturforeldra. Við sem sitjum í stjórn LVS höfum langa reynslu af fósturmálum en okkur hefur aldrei verið boðið upp á fræðslu af neinu tagi af hendi yfirvalda, það eina sem í boði er er FoserPride sem samtök okkar sáu um að útvega styrki til að þýða á sínum tíma. Menntun og stuðningur í starfi hlýtur að vera grundvöllur þess fósturforeldrar geti sinnt starfi sínu eins og til er ætlast. Einnig er augljóst að sé starfsumhverfi fósturforeldra bætt hlýtur að vera auðveldara að fá hæft fólk til starfsins og það mun skila sér margfalt til þeirra fósturbarna sem hjá okkur dvelja.

Við viljum gera athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

### 39. gr. frumvarpsins

LVS lýsir yfir sérstökum áhyggjum vegna þessara breytingatillagna. Mikið framfaraskref var stigið þegar skólar voru skyldaðir til að taka inn börn sem vistuð voru í fóstur á upptökusvæði skólans. Það skýtur því skökku við að ætla nú í framhaldi af því að skylda viðtökusveitarfélagið til að greiða almennan skólakostnað fósturbarnanna. Einnig má benda á að viðhorfið gagnvart því að taka við fósturbörnum inn í litlu skólana úti á landi hefur oft verið neikvætt, og því er hægt að spyrja hvaða viðhorfum munu fósturbörnin okkar mæta úti í samfélaginu ef sveitafélagið okkar á einnig að fara að bera kostnað af þeim börnum sem send eru til okkar. Einnig er mjög mikilvægt að kostnaður vegna fósturbarns sé greiddur af lögheimilissveitarfélagi hvort sem um varanlegt eða tímabundið fóstur er að ræða. Verði þessi breytingatillaga að veruleika mun það gera fósturforeidrum á landsbyggðinni mjög erfitt fyrir, sérstaklega í smærri sveitarfélögum. Kostnaðaraukinn sem af þessu gæti stafað gæti hreinlega sligað litla skóla, en þeir hafa einmitt oft náð bestum árangri í kennslu fósturbarna með ýmiskonar sértæk vandamál. Við sjáum fyrir okkur að starfsumhverfi margra fósturforeldra verði teflt í tvísýnu.

Tillaga okkar er þessi:

...Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í fóstur njóti skólavistar í sveitarfélaginu. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða allan venjubundin kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, auk allrar sérfræðipjónustu vegna sérþarfa fósturbarns.

#### 48. gr. frumvarpsins

LVS gerir þá kröfu að hagsmunasamtök vist- og fósturforeldra verði höfð með í ráðum þegar rætt er um laun og starfsumhverfi. Ef svo verður ekki erum við líklega eina stétt landsins sem hefur ekkert um þessi mál að segja.

Í þessu samhengi er einnig vert að skoða samninga við vist- og fósturforeldra, það er álit okkar í LVS að gera eigi þjónustusamninga við vist- og fósturforeldra til lengri tíma þar sem fram komi hversu mörg pláss viðkomandi hefur og áætlun um hvernig barnaverndaryfirvöld vilja nýta þau rými. Vist- og fósturforeldrum verði tryggð laun samkvæmt áætluninni en kostnaður verði metinn vegna hvers fósturs í fóstursamningi.

Tillaga okkar er þessi:

...Ráðuneytið setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við samband íslenskra sveitarfélaga og félagasamtök fóstur- og vistforeldra, reglugerð um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða skv....

#### 49. gr. frumvarpsins

Við viljum skerpa á þessari grein þar sem við teljum mjög mikilvægt að fagleg vinna sé í kringum hverja vistun og gott og markvisst eftirlit sé með allri þeirri vinnu. Við viljum sjá teymisvinnu í kringum hvert barn og ef slíkur fundur væri haldin þó svo ekki væri nema einu sinni á ári þá gæti hann haft mikil áhrif, þar fá allir sem hlut eiga að máli, foreldrar, fósturforeldrar, sálfræðingur, kennari barns o.fl. sem koma að málefnum barnsins allar upplýsingar og barnið hefur einnig tæk á að tjá sínar óskir og þarfir á slíkum fundi ef það hefur aldur og þroska til. Slíkur fundur gæti þá lagt til hvernig skuli unnið í framhaldinu og sett áframhaldandi markmið með vistuninni.

Hægt væri að skjóta inn í textann um hlutverk barnaverndarnefnda eftirfarandi:

...Barnaverndarnefnd skal halda teymisfund með öllum þeim aðilum sem koma að máli fósturbarns, og með því sjálfu ef aldur og aðstæður þess leyfa, a.m.k. einu sinni á ári. Þar er farið yfir stöðu barns, árangur af vistun metin, þarfir barnsins metnar og í framhaldinu lagður grunnur að hvert skuli stefnt í áframhaldandi vinnu kringum barnið.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar LVS

EVA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR

Eva Dögg Þorsteinsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2794  
komudagur 10.6.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2010


**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 947 – 557. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er markmið laganna að „skýra ákvæði frekar eða skerpa á þeim og að lögfesta þá túlkun ákvæða sem átt hefur sér stað frá gildistöku laganna.“ Ýmis nýmæli er þó að finna í frumvarpinu og ber helst að nefna þau sem fela í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi úrræði fyrir börn sem er þörf á að vista utan heimilis. Einnig er að finna ýmis nýmæli er varða þungaðar konur.

Mannréttindaskrifstofan fagnar þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu og telur ákvæði þess stuðla enn frekar að vernd barna hér á landi en áður. Skrifstofan vill sérstaklega lýsa ánægju sinni með þær breytingar sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins um tilkynningarskyldu vegna þungaðra kvenna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Breytingarnar fela í sér að hverjum manni er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef ástæða er til að ætla að heisis eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu vegna líferniss þungaðrar konu. Einnig nær tilkynningarskyldan til tilvika þar sem þunguð kona er beitt ofbeldi. Telur Mannréttindaskrifstofan þessar breytingar jákvætt skref í átt að réttarbótum og til þess fallið að vernda ófædd börn sem og þungaðar konur.

Mannréttindaskrifstofan telur einnig jákvætt að í 21. gr. frumvarpsins felist sú breyting að 12 ára aldursmark 2. mgr. 46. gr. laganna skuli falla brott. Eins og réttilega kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ekki að geyma sambærileg aldursmörk varðandi rétt barns til að tjá sig um meðferð máls. Mun heppilegra þykir að hvert og eitt mál verði skoðað sjálfstætt og metið hvort barn sé hæft til að tjá sig um mál út frá þroska þess og getu. Um grundvallarmannréttindi er að ræða og því er mikilvægt að ekki sé slakað á þeirri kröfu að barni, sem náð hefur nægilegum þroska, sé gefið kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun er tekin í viðkomandi máli.

Meginregla laga á sviði barnaréttar er sú að ætíð skuli beita því úrræði sem telst barninu fyrir bestu. Hagsmunir barns skulu ráða niðurstöðu og er það einmitt tilgangur laga er snerta málefni barna, m.a. barnaverndarlaga. Uppi hafa verið gagnrýnisraddir í þá átt að undanfarin ár hafi borið á því að áherslan hafi færst frá þessari mikilvægu meginreglu yfir í áherslu á að tryggja réttindi foreldra fram yfir rétt barnsins. Telst sú þróun bagaleg þar sem hún beinlínis stríðir gegn tilgangi laganna og þeirri meginreglu sem til umræðu er. Mannréttindaskrifstofan vill koma þeim tilmælum á framfæri að í öllum málum á sviði barnaréttar sé gætt að mannréttindum barnsins og meginreglan um að ætíð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

skuli beita því úrræði sem telst barninu fyrir bestu skuli höfð í fyrirrúmi. Feiur það í sér að hlustað verði á börnin, tekið tillit til óska þeirra og kröfur og/eða þarfir foreldra víki fyrir hagsmunum barnsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2946  
komudagur 12.7.2010

Alþingi  
b.t. nefndarsviði  
Kristjönu Benediktsdóttur skjalavarðar  
Kirkjustræti

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 12.07.2010  
nr. erindis 201005153 uvi

**Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga þskj.947-557. mál**

156. fundur fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar tók til umfjöllunar frumvarp til barnaverndarlaga þskj. 947-557. mál. Svohljóðandi bókun var gerð:

*Lögð fram umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs dags. 1. júní 2010.*

*Fjölskyldunefnd tekur undir umsögn framkvæmdastjóra og felur honum að koma umsögninni á framfæri við nefndarsvið Alþingis.*

Hjálögð er umsögn framkvæmdastjóra.

Virðingarfyllst,

---

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

## Umsögn

Varðandi: Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Nr. erindis 201005153  
Dags.: 31.05.2010  
Málafni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga þskj.947-557. mál

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis sendi fjölskyldunefnd til umsagnar frumvarp til barnaverndarlaga, þskj.947-557. mál. Þar sem ekki vannst tími til að veita umsögnina á tilskildum tíma hefur nefndarsviði Alþingis verið gert viðvart um að ekki sé unnt að veita umbeðna umsögn fyrir tilskilin tímafrest.

**Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs** við frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum (bvl).

**Þskj:** 947

**Mál:** 557

**Sendandi:** Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

**Dags:** 1. júní 2010

### **Almennt álit**

Ástæða er til að fagna framkomnu frumvarpsins, sem felur í sér frekari skýringu ákvæði laganna og lögfestir túlkun ákvæða sem átt hefur sér stað frá gildistöku þeirra. Nýmæli frumvarpsins stuðla flest að markvissara barnaverndarstarfi og bættri réttarstöðu barns og aðila máls. Ástæða er til að gera athugasemd við nýmæli þess efnis að sveitarstjórn greiði til ríkisins gjöld sem nema hluta af kostnaði við rekstur úrræða og ákvarði upphæð greiðslna til fósturforeldra. Þessum atriðum og öðrum sem ástæða er til að gera athugasemdir við eru gerð nánari skil í eftirfarandi kafla:

### **Athugasemd við einstakar greinar**

34. gr. Í 2. mgr. greinarinnar segir að í tilviki þegar barni er fyrir bestu að því sé ráðstafað til þess foreldris sem ekki fer með forsjá þess, skuli gilda sömu reglur og um tímabundið fóstur. Ástæða er til að gera athugasemd við þetta atriði og leggja áherslu á að í skýringum við d. lið um framfærslu barns og annan kostnað 68. gr. um fóstursamning sé almennt gengið út frá því að foreldri barns sem tekur yfir umsjá eða forsjá þess annist framfærslu barns. Í því sambandi má telja eðlilegt að barninu fylgi meðlag þess foreldris sem hefur afsalað sér forsjá þess eða verið svipt henni, auk annarra greiðslna sem barninu bera meðan umrædd ráðstöfun er í gildi. Í þessu sambandi er ástæða til að undirstrika mikilvægi þess sem fram kemur í 2.mgr. 1. gr. laganna um að foreldrum beri: að *sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeidisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velverðar þeirra í hvívetna.* Leiði könnun hins vegar í ljós að barn eða foreldri er í þörf fyrir stuðning þá verði gerð áætlun um slíkt í samvinnu við foreldrið.

Sérstaklega skal áréttað um 34. gr. og 35. gr. frumvarpsins vegna tillagna um breytingu að meginreglan ætti að vera sú, ef það foreldri sem barn býr hjá getur ekki annast það lengur, að þá eigi hitt foreldrið að taka við umsjá barnsins og ætti það að eiga við bæði í þeim tilvikum sem barn býr við óskipta og sameiginlega forsjá. Ef annað foreldri er til staðar sem getur annast barnið þá á það foreldri frekar að taka við umsjá og forsjá barnsins að óskiptu frekar en barnaverndarnefnd, verði það talið



barninu fyrir bestu, er það einnig meginreglan skv. ákvæðum barnalaga nr. 76/2003 og því kæmu breytingar á forsjá og búsetu barns við þessar aðstæður ekki síður til kasta barnalaga en barnaverndarlaga. Fósturgreiðslur frá barnaverndarnefnd ættu því ekki að koma til þegar barn færir frá öðru foreldri til annars sem úrræði í barnaverndarmáli, nema það foreldri sem tekur við barninu sé ófært um að sjá því farborða, enda eru báðir foreldrar ávallt framfærsluskyldir við börn sín.

41. gr. Uppbyggingu ríkisins á úrræðum skv. 84. gr. bvl. sem eru á ábyrgð sveitarfélaga ber að fagna. Fyrirkomulagið ætti að stuðla að jafnræði í þjónustu við börn óháð búsetu þeirra.

47. gr. Greinin er nýmæli og felur í sér að sveitarstjórn greiði til ríkisins gjöld sem nema hluta af kostnaði við rekstur úrræða og vísað til þess að gjöldin verði nánar ákveðin í reglugerð skv. 88. gr. laganna.

Í gildandi lögum ber ríkið alfarið ábyrgð á kostnaði vegna heimila og stofnana sem rekin eru skv. 79. gr. laganna. Sveitarfélög bera hins vegar allan kostnað vegna heimila og annarra úrræða skv. 84. gr. laganna, þ.e. vistheimila, sambýla, vistforeldra og annarra. Í athugasemdum við frumvarpið segir að einn af ágöllum núverandi kerfis sé þessi munur á þátttöku í kostnaði við mismunandi úrræði. Munurinn er talinn geta haft óheppileg áhrif á mat á þörfum barns og val á heppilegasta úrræðinu fyrir barnið. Þá segir að nauðsynlegt þyki að:

*...jafna frekar en nú er gert þann kostnað sem fylgir vistun barns utan heimilis. Þetta er gert annars vegar með þeirri gjaldtöku sem hér er lögð til og hins vegar með því að greiðslur til fósturforeldra verði ákveðnar í reglugerð. Með þessu verður kostnaður og skipting hans mun fyrirsjáanlegri og samræmdari en verið hefur og mun minni hættu á að kostnaður hafi áhrif á val á úrræði.*

Í reynd hefur, þrátt fyrir ábyrgð ríkisins á að byggja upp og reka úrræði skv. 79. gr. laganna, skort verulega upp á að þörfum fyrir slík úrræði hafi verið fullnægt. Þetta hefur óhjákvæmilega haft í för með sér aukinn kostnað sveitarfélaga vegna vistunar barna. Í samantekt starfshóps félags- og tryggingamálaráðherra um reynslu af bvl. sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu kemur fram að á síðustu fimm árum hafi markvert dregið úr eftirspurn eftir meðferðardvöl á stofnunum Barnaverndarstofu og rýmum hafi af þeirri ástæðu verið fækkað. Staðsetning flestra úrræða Barnaverndarstofu í dreifbýli landsins, hefur löngum verið hefur umdeild í ljósi þess að flest börn sem hafa verið í þörf fyrir slík úrræði eru búsett á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning heimilanna hefur leitt til óþarfa kostnaðar og tíma vegna nauðsynlegra samráðsfunda. Þá hefur umræða undanfarið tengd s.k. Breiðavíkurmáli og kynferðisafbrotamál á meðferðarheimilinu Árbót í Aðaldal haft áhrif til minnkandi eftirspurnar eftir slíkri meðferðarvistun. Nýung meðferðarúrræðis Barnaverndarstofu s.k. MST úrræði ber að fagna, en ljóst er að frekari uppbyggingu og þróun sértækra úrræða er þörf.

Ástæða er til að mótmæla áformum um greiðsluþátttöku sveitarfélaga skv. XIII kafla bvl, annars vegar með þeim rökum að eðlilegt er að sértæk úrræði séu á ábyrgð ríkisins. Hins vegar er því mótmælt með þeim rökum að með setningu barnaverndarlaga nr. 58/1992 og laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 var í kjölfar samkomulag ríkis og sveitarfélaga var fallið frá því að sveitarfélög greiddu daggjöld vegna vistunar á greiningar og meðferðarheimilum ríkisins frá 1. janúar 1993. Í staðinn stæðu sveitarfélögin alfarið straum af kostnaði við ferðaþjónustu fatlaðra sem er umtalsverður. Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir 18 milljónum vegna ferðaþjónustu fatlaðra, borið saman við 15 milljónir til barnaverndarmála.

48. gr. a) liður

Lagt er til að ákvæðið verði feli út og ríkið standi alfarið straum af kostnaði sbr. athugasemd við 47. gr.

b) liður


Ekki er gerð athugasemd við að sveitarfélög taki þátt í kostnaði við vistun barna sem flokkast ekki undir sértæk úrræði. Lagt er til að ákvörðun um upphæð vegna greiðslupátttöku sveitarfélaga byggji sameiginlega tillögu Sambands Íslenskra sveitarfélaga og ríkisins og ráðuneytis um kostnaðarskiptingu en ekki einhliða ákvörðun ráðuneytis með setningu reglugerðar. Mikilvægt er að skilgreina nákvæmlega kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þannig að fyrirbyggja megi ágreining aðilanna, sem eins og reynslan sýnir bitnar verst á þeim sem þjónustunnar njóta.

Virðingarfyllst

Unnur V. Ingólfssdóttir

framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2727  
komudagur 7.6.2010



## Félagsþjónusta Norðurljósa

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Húsavík, 3. júní, 2010.

Efni: Umsögn vegna frumvarps til barnaverndarlaga, 557. mál.

Fyrir hönd Félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurljósa vil ég gera eftirfarandi athugasemd við frumvarps til barnaverndarlaga 557. Mál. Í frumvarpinu er EKKI gert ráð fyrir eftirfylgni með þeim sem hafa orðið uppvísir af því að beita barn kynferðislegu ofbeldi. Auk þess er EKKI gert ráð fyrir því að aðilar sem kynferðisafbrotamenn flytja inn á og eru með börn á heimili séu varaðir við. Dæmi eru um það hér á landi að menn hafi beitt börn sín kynferðislegu ofbeldi, sitji í fangelsi vegna þess og fari svo í sambúð með annarri konu sem á börn á því heimili og einnig að slíkir menn fari í sambúð með annarri konu og eignist barn með þeirri konu. Það er ekkert sem tryggir að konur viti af því að sambýlismenn þeirra hafi beitt barneða börn kynferðislegu ofbeldi. Þar sem ekkert er um þetta í núgildandi barnaverndarlögum, er óljóst hvort eigi að bregðast við slíkri vitneskju og þá hvernig. Hægt er að túlka slíka upplýsingagjöf til kvenna sem fara í sambúð með kynferðisafbrotamönnum sem trúnaðarrest. Hins vegar kemur fram í skilgreiningar- og flokkunarkerfi (SOF) sem unnið er eftir hér á landi af hálfu barnaverndaryfirvalda og að um vanrækslu í umsýjun og eftirliti sé að ræða, ef barn er skilið eftir eitt hjá aðila sem hefur beitt barn kynferðislegu ofbeldi.


Virðingarfyllst, f.h. Félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurljósa

*Freydís J. Freysteinsdóttir*

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsmálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2823  
komudagur 15.6.2010

Nefndasvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir,  
skjalavörður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. júní 2010

Tilvísun: 2010050459VEL/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar, dags. 14. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (557. mál á 138. löggjafarþingi, þskj. 947). Um er að ræða breytingar sem hafa það að markmið að skýra ákvæði frekar eða skerpa á þeim og að lögfesta túlkun ákvæða semm átt hefur sér stað frá gildistöku laganna. Helstu nýmæli lúta að kærunefnd barnaverndarmála, lögsögu barnaverndarnefnda, tilkynningarskyldu, samstarfi í barnavernd, réttarstöðu barns, málsmeðferð fyrir dómi, réttarstöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá, réttarstöðu forsjárforeldra o.fl.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst

  
Vigdís Eva Línal



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. B 138/2717  
komudagur 4.6.2010



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2010

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.**

Framkvæmdanefnd Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) lýsir ánægju með framkomið frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum og þær áherslubreytingar sem þar koma fram um að skýra og skerpa á einstökum þáttum barnaverndarlaganna. Þar er sérstaklega vísað til verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og áherslu á mat og eftirlit með gæðum þjónustuúrræða barnaverndar.

Þá er að mati framkvæmdanefndar RBF tilefni til að lýsa sérstakri ánægju með athugun starfshóps félags- og tryggingamálaráðherra um reynsluna af barnaverndarlögunum sbr. fylgiskjal I. Slíkt vinnulag er til eftirbreytni og byggir á viðurkenndum fræðilegum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að safna „gagnreyndum upplýsingum og gögnum“ (*Evidence Based Practice and Policy*) til að þróa og breyta stefnumörkun, úrræðum og aðferðum innan velferðarþjónustunnar.

RBF vill með umsögn sinni leggja áherslu á eftirfarandi meginatriði:

1. Tilefni er til að hvetja til þeirra breytinga sem frumvarpið kveður á um er varða skýrari og skarpari skil í verkefnum ríkis og sveitarfélaga. Allnokkrar rannsóknir og einnig verkefni háskólanema hafa á síðustu árum fjallað um þörfina á frekari skýrleika milli stjórnsýslustiga og bent hefur verið á afleiðingar óskýrleika fyrir skjólstæðinga barnaverndar (börn og fjölskyldur). Fósturmálefni er einn þeirra þátta, og er rökrétt að mati framkvæmdanefndar að þau skil verði skerpt og einfölduð.

2. Ástæða er til að fagna því að nú skuli gert ráð fyrir ákvæðum til að bæta réttarstöðu foreldra sem ekki fara með forsjá barns eða deila með því lögheimili. Hins vegar er þeim tilmælum komið á framfæri að ganga lengra, og þá með réttarstöðu bæði barns og foreldris í huga, og gera kleyft að barn geti átt skráð lögheimili hjá báðum foreldrum sem hafa skilið eða búa ekki saman. Til rökstuðnings er m.a. vísað til rannsókna á viðhorfum og reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá eftir að hún varð að meginreglu (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008 „Sameiginleg forsjá sem meginregla og ihlutun stjórnvalda. Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 4 (58):465-495).

3. Þá má benda á að æskilegt er að hugað hefði verið að gagnkvæmri réttarstöðu ömmu/afa og barnabarna þeirra eftir skilnað foreldra. Það atriði lýtur að réttindum og skyldum sem snerta tilfinningatengsl, gagnkvæman stuðning og aðstoð ásamt



HÁSKÓLI ÍSLANDS




viðhaldi síðagilda og menningararfs. Er hér vísað til nýlegra niðurstaðna norrænna fjölskyldurannsókna („Besteforeldreroller i endring: Gyngestol, golf eller generasjonsressurs“? Hagestad, G.O. & Herlofson, K. (2009) *Magasinet voksne for barn*, 2009(5):10-13; „Moderne besteforeldre: Velferdsstatens heimevern“? Hagestad, G.O. & Herlofson, K. (2009) *Aldring og livsløp*, 2009(3-4):44-47; Sigrún Júlíusdóttir (2010) „Skilnaðarbörn og kynslóðalengsl“ . Óbirt handrit.


4. Þá er sérstakt tilefni til að fagna að í frumvarpinu koma fram skýr ákvæði um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Þau ákvæði eru til þess fallin að (i) hvetja em frekar til markvissari úrræða innan barnaverndar, (ii) að fram fari mat og úttektir og að (iii) á þann hátt sé beitt viðurkenndum aðferðum til að þróa og bæta gæði barnaverndar. Þótt slík stefnumörkun sé tilgreind við fösturmálefni, er hún vísbending um gildi stefnumörkunar sem miðar að kröfum um fræðileg vinnubrögð og fagleg gæði í öðrum málaflokkum barnaverndar.

5. Framkvæmdanefnd RBF telur að tillaga frumvarpsins um breytingar á réttarstöðu barna þurfi að vera skýrari en fram kemur í frumvarpinu. Jafnframt er lýst efasemdum um að slík rýmkun á aðild barna sé í raun réttarbót fyrir þau þar sem óskýrt verði út frá aldri og þroska, hvenær og hvenær ekki, börn verði aðilar máls. Almennt þurfi að gjalda varhug við að blanda saman skyldum fullorðinna og/eða samfélags til umönnunar og forsjár barna og hvenær þau sjálf verði ábyrgir þátttakendur í eigin málum jafnvel án þess að hafa forsendur til slíkrar þátttöku (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005 Réttur barna og velferð við skilnað foreldra. Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 2 (55), 183-196).

Að lokum vill framkvæmdanefnd RBF þakka fyrir boð um að gefa umsögn um framkomio frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum sem varða mikilvæg velferðarmálefni barna.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Júlíusdóttir, formaður stjórnar RBF

  
Heiða Björk Vigfúsdóttir, verkefnisstjóri

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 3. júní 2010  
Tilvísun: 2008030130

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, nr. 557**

Samkvæmt tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 14. maí sl. gefst barnaverndarnefnd Reykjanessbæjar tækifæri á að veita umsögn á frumvarpi til barnaverndarlaga, 557. mál.

Barnaverndarnefnd Reykjanessbæjar fagnar ofangreindu frumvarpi þar sem lagðar eru til ýmsar jákvæðar breytingar er varðar vinnslu barnaverndarmála, jafnari tækifæri barnaverndarnefnda á stuðningsúrræðum er varðar vistun utan heimilis, réttindi barna og foreldra þeirra.

Barnaverndarnefnd Reykjanessbæjar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- Í 39. og 48. gr. er lagt til að ráðuneytið setji reglugerð er varðar greiðslur til fósturforeldra að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndin telur mikilvægt að greinamunur sé gerður á fósturlaunum vegna ungra barna annars vegar sem eru alla jafnan að fara í varanlegt fóstur og unglinga hins vegar sem oftast en ekki eru fósturð/vistuð tímabundið.
- Nefndin telur mikilvægt að hugtakið fóstur sé skilgreint nánar. Að mati nefndarinnar á hugtakið fóstur frekar við þegar verið er að fóstura ung börn í varanlegu fósturi en þegar verið er að fóstura ungmenni en þá mætti frekar nota hugtakið vistun eða meðferð. Í dag er það þannig að þeir fósturforeldrar sem taka að sér ungmenni, líta á það sem atvinnu að vinna með barninu, fremur en að um foreldrahlutverk sé að ræða. Þegar ung börn eru fósturð er við val á fósturforeldrum, áhersla lögð á fólk sem vill ganga barninu í foreldrastað. Í þessu samhengi er einnig eðlilegt að skoða hvert er hlutverk fósturforeldra og hvenær er eðlilegt að fósturforeldrar fái forsjóna yfir börnunum og hvenær barnaverndarnefnd eigi að hafa forsjóna.
- Skv. 10. gr. f. lið kemur fram að barnaverndarnefndir beri að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist, skiptir þar ekki máli hvort tilkynnandi er lögregla, skóli/leikskóli, nágranni og ættingi. Það er mat nefndarinnar að ekki sé hér um það mikilvægt atriði að ræða að það réttæti það aukna álag sem það skapar á barnaverndarstarf í landinu. Alla vega telur nefndin mikilvægt að ef þetta ákvæði

verður inni, verði það skilgreint betur.

- Í 10. gr. 4. mgr. er talað um foreldra ekki forsjáraðila. Sem gerir það að verkum að það er óljóst hvort tilkynna eigi bæði foreldrum með forsjá og án forsjár, að tilkynning hafi borist eða hvort nóg sé að tilkynna forsjárforeldrum.
- Í 26. gr. þarf að skýra nánar heimild barns til að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu. Getur 15 ára gamalt barn t.a.m. gengið inn í mál hjá dómsstólum þegar meðferð málsins hófst áður en barnið náði 15 ára aldri?
- Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á 1. mgr. 90. gr. í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Almenn vit foreldrar ekki af tilkynningarskyldunni þegar um er að ræða vistun samkv. þessari grein. Nefndin telur að ef þessi grein á að hafa tilgang þurfi að kveða á með skýrum hætti um hvernig foreldrum sé gerð ljós þessi skylda.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar



REYKJANESBÆR  
Forskylda- og  
forstöðumanna  
María Gunnarsdóttir  
Forstöðumaður barnaverndar FFR





Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2740  
komudagur 8.6.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 7. júní 2010  
Tilvísun: 2010050103  
50.03

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn - frumvarp til barnaverndarlaga**

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra, dagsett 14. maí sl., þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.

Embætti ríkislögreglustjóra gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

*Thelma Clausen Þórðardóttir* / *Gísli Pálsson*  
Thelma Clausen Þórðardóttir / Gísli Pálsson

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2661  
komudagur 2.6.2010

KB/khb

Reykjavík, 2. júní 2010


Tilv.: 201005-0475  
670

Með tölvubréfi félags- og tryggingamálanefndar, dags. 14. maí sl., barst ríkissaksóknara til umsagnar frv. til barnaverndarlaga, 557. mál.

Engar athugasemdir eru gerðar eða ábendingar settar fram af hálfu ríkissaksóknara vegna frumvarpsins.

  
Kolbrún Benediktsdóttir  
aðstoðarsaksóknari

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2804  
komudagur 10.6.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. félags- og  
tryggingamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. júní 2010

0806521SA GB  
Málalykill: 233

### Efni: Umsögn um frv. til barnaverndarlaga, 557. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp, sem er afrakstur vinnu starfshóps sem var falið að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til.

#### 1. Afstaða sambandsins til frumvarpsins

Í starfshópnum áttu m.a. sæti fulltrúar sambandsins, Reykjavíkurborgar og Samtaka félagsmálastjóra og var ágæt sátt um flestar þær breytingar sem starfshópurinn lagði til. Fulltrúi sambandsins gerði þó fyrirvara við ákveðin atriði og er sá fyrirvari birtur á bls. 71 í greinargerð við frumvarpið. Snýr hann í fyrsta lagi að þeirri breytingu að fella kostnað við skólavist grunnskólabarna á viðtökusveitarfélag, sem verður ótvírætt mjög íþyngjandi fyrir fámenn sveitarfélög. Sambandið leggur áherslu á að félags- og tryggingamálanefnd hugi sérstaklega að því hvaða fyrirkomulag á greiðslupátttöku sveitarfélaga sé best til þess fallið að skapa frið um barnaverndarstarf og málefni fósturbarna.

Í öðru lagi gerði fulltrúi sambandsins fyrirvara um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna vistunarúrræða. Fulltrúi sambandsins lýsti sig sammála þeirri tillögu en lagði áherslu á að gert yrði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd tillagnanna. Þar sem slíkt samkomulag hefur enn ekki verið gert verður vart annað sagt en að öll framkvæmd í tengslum við þá breytingu sem um ræðir sé enn á huldu. Hlýtur sambandið því að leggja áherslu á að fá tryggingu fyrir því, áður en frumvarpið verður lögfest, að framkvæmd verði með þeim hætti að sveitarfélögin verði ekki fyrir auknum kostnaði vegna breyttrar verkaskiptingar. Sérstaklega gerir sambandið athugasemd við þau áform sem lýst er í fylgiskjali II við frumvarpið, að velta umsýslukostnaði Barnaverndarstofu yfir á sveitarfélögin.

Nánari grein er gerð fyrir þessum athugasemdum í þessari umsögn en einnig vísast til meðfylgjandi bréfs sambandsins til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 22. febrúar 2010 þar sem gerð er ítarleg grein fyrir afstöðu sambandsins gagnvart fyrirhugaðri breytingu á 75. gr. barnaverndarlaga. Því bréfi fylgir sérálit fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólamálanefnd sambandsins.

Að öðru leyti en fram kemur í þessari umsögn er sambandið sammála efni frumvarpsins og styður því að það verði lögfest. Sambandið telur þó rétt að gera grein fyrir ætluðum kostnaðaráhrifum frumvarpsins fyrir sveitarfélögin, umfram það sem fram kemur í kostnaðarumsögn félags- og tryggingaráðuneytisins, en ljóst er að kostnaður sveitarfélaga vegna



barnaverndarmála hefur margfaldast á undanförunum árum vegna aukinna krafna til stjórnáslu og lögfræðiráðgjafar við meðferð mála. Þær auknu kröfur sem lagðar eru til í frumvarpinu munu verða til þess að auka enn á þennan kostnað sveitarfélaga. Þannig má nefna að fleiri ákvarðanir en áður verða kærarlegar til úrskurðarnefndar barnaverndarmála, sbr. til dæmis 12. og 13. gr. frv., en meðferð slíkra mála er bæði tímafrek og kostnaðarsöm fyrir sveitarfélögin. Einnig eru í lögunum gerðar ríkari kröfur en áður til skráningar gagna, eftirlits af hálfu barnaverndarnefnda og samráðs við skjólstæðinga barnaverndarnefnda og aðstandendur þeirra. Allt kallar þetta á aukna vinnu af hálfu barnaverndaryfirvalda og í einhverjum tilvikum aukinn mannafla.

## **2. Kostnaðarábyrgð vegna barna í tímabundnu fóstri**

### **a. Gildandi fyrirkomulag vegna fósturbarna**

Í 75. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um það að sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal það endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra.

Í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004 segir jafnframt að það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur skuli standa straum af kostnaði vegna skólagöngu barnsins í grunnskóla á meðan ráðstöfunin varir.

Allt frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga hafa verið í gildi viðmiðunarreglur sambandsins um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags. Rétt er að taka fram að reglurnar gilda ekki aðeins um fósturbörn sem vistuð eru tímabundið utan lögheimilissveitarfélags heldur gilda þær um ýmis önnur tilvik, svo sem þegar nemandi vill ljúka námi í sama skóla þótt fjölskylda hans hafi flutt í annað sveitarfélag. Er reglunum ætlað að einfalda samskipti sveitarfélaga í slíkum tilvikum.

Sveitarfélög eru ekki bundin af reglunum en í langflestum tilvikum eru greiðslur sveitarfélaga fyrir skólavist í samræmi við viðmiðunargjaldið. Viðmiðunargjaldið er endurskoðað árlega. Fullyrða má að viðmiðunarreglurnar hafa almennt gefist vel í framkvæmd. Í viðmiðunargjaldi skv. 3. gr. reglnanna er falinn allur almennur skólakostnaður, annar en viðbótarkostnaður vegna húsnæðis, sérkennslu, mótuneytis, skólaaksturs, heimavistar eða annarra sérstakra aðstæðna. Reglurnar eru einnig reistar á því sjónarmiði að það skipti verulegu máli, bæði fjárhagslega og faglega, hversu stór sá skóli er sem tekur við barni frá öðru sveitarfélagi. Smærri skólarnir fá þannig hærrí greiðslu til að skapa þeim svigrúm til þess að bregðast við fjölgun nemenda og aukinni þjónustupörf með forsvaranlegum hætti.

Við ákvörðun viðbótarkostnaðar er aðeins litið til þess sem er sannanlega umfram almennan kostnað og framlag jöfnunarsjóðs vegna hlutaðeigandi nemanda, sbr. 4. gr. og verður vart annað sagt en að því leyti hafi verið gætt meðalhófs við gerð reglnanna.

Frá setningu laganna beindist gagnrýni barnaverndaryfirvalda einkum að því að ýmis sveitarfélög reyndust treg til þess að samþykkja skólavist fyrir nemendur sem sendir voru á fósturheimili frá öðrum sveitarfélögum. Tekið



var á því máli við setningu grunnskólalaga, nr. 91/2008, með því að kveða afdráttarlaust á um rétt þessara barna til þess að innritast í grunnskóla. Eftir stendur því aðeins að ákveða með skýrari hætti grundvöll fjárhagslegra samskipta þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

#### **b. Breyting á 75. gr., sbr. 39. gr. frumvarpsins**

Sambandið telur óljóst hvaða vandamál er ætlunin að leysa með þeirri breytingu sem lögð er til í 39. gr. þess frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi. Sú tillaga kveður á um það að ábyrgð á almennum kostnaði við skólagöngu fósturbarna er felld á viðtökusveitarfélagið, sbr. 3. mgr. 39. gr. frv. Það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber hins vegar ábyrgð á viðbótarkostnaði vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.

Í samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur sambandið jafnan vísað til þeirrar meginreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án þess að endurgjald komi fyrir. Augljóst er að sú tillaga um kostnaðarskiptingu sem lögð er til í 39. gr. frv. fer í bága við þá meginreglu og felur í sér verulega íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Það eru einkum fámennustu sveitarfélög landsins sem munu bera hallann af þeirri breytingu. Ljóst er að sveitarfélögum ber nú þegar skylda til að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga og þótt nokkurn tíma hafi tekið að innleiða þá lagabreytingu virðast skólastjórnendur nú vera meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart þessum nemendum. Að áliti sambandsins er því erfitt að sjá að ákvæðið leiði til framfara en bendir á að afstaða Reykjavíkurborgar er önnur en sveitarfélaga á landsbyggðinni, sbr. meðfylgjandi sérálit fulltrúa borgarinnar í skólamálanefnd sambandsins.

Sambandinu er jafnframt kunnugt um þá afstöðu Samtaka vistforeldra í sveitum og fleiri umsagnaraðila að umrædd breyting, sem felur í sér að sérstakar reglur séu látnar gilda um skólagöngu fósturbarna, kunni að reynast skaðleg hvað varðar viðhorf til fósturbarna í viðtökusveitarfélagi og sé jafnvel skref afturábak fyrir barnaverndarstarf. Væntir sambandið þess að félags- og tryggingamálanefnd taki tillit til þessara andstæðu sjónarmiða við afgreiðslu þessa viðkvæma máls.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða leggur sambandið til eftirfarandi breytingartillögu við 39. gr. frumvarpsins:

*75. gr. laganna orðast svo:*

*Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara. Sveitarfélagið skal jafnframt standa straum af kostnaði vegna skólagöngu barnsins í grunnskóla og leikskóla á meðan tímabundin fósturráðstöfun varir, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*

*Um fjárhæðir skv. 1. mgr. og skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.*



*Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar.*

Í breytingartillögum felst að gert er ráð fyrir því að sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur greiði bæði almennan og sérstakan kostnað við skólavist í grunn- og leikskóla, líft og gildir um önnur börn sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags. Börn í varanlegu fóstri eiga hins vegar að jafnaði lögheimili hjá fósturforeldrum og hafa því sömu lagalegu stöðu og önnur börn í viðkomandi sveitarfélagi. Við setningu reglugerðar telur sambandið eðlilegt að höfð verði hliðsjón af viðmiðunarreglum Sambands Íslenskra sveitarfélaga um skólakostnað og að leitast verði við að gæta sem mestrar sanngirni með því að taka tillit til framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna viðkomandi barna.

### **3. Breytt verkaskipting og gjaldskrá fyrir fóstur**

Sambandið styður eindregið þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, sbr. einkum 41., 45. og 47.-48. gr., þess efnis að ríkið beri framvegis ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir fyrir börn skv. 79. gr. laganna. Markmið þessara breytinga er að tryggja jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra. Gert er ráð fyrir því að breytingin taki gildi 1. janúar 2011.

Sambandið hefði þó talið nauðsynlegt að samhliða lagabreytingunum væri gengið frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um nánari framkvæmd við þessa breyttu verkaskiptingu og vekur athygli á því að frumvarpið hefur ekki að geyma nauðsynleg ákvæði um það hvernig að henni verði staðið. Þannig liggur ekki fyrir ákvörðun eða samkomulag um hvernig þeim fasteignum sem Reykjavíkurborg nýtir nú fyrir vistheimili verður ráðstafað. Þá eru engin ákvæði í frumvarpinu um réttindi þeirra starfsmanna sem starfa á umræddum vistheimilum. Sveitarfélögin hljóta að leggja áherslu á að fá tryggingu fyrir því, áður en frumvarpið verður lögfest, að framkvæmd verði með þeim hætti að sveitarfélögin verði ekki fyrir auknum kostnaði vegna breyttrar verkaskiptingar. Auk þeirra ábendinga sem að framan greinir gerir sambandið sérstaka athugasemd við þau áform sem lýst er í fylgiskjali II við frumvarpið, að velta umsýslukostnaði Barnaverndarstofu yfir á sveitarfélögin.

Sambandið er einnig sammála því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að sveitarfélögin greiði vistunargjald samkvæmt gjaldskrá vegna þeirra barna sem þau ráðstafa í vistun á heimilum og stofnunum sem rekin eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þá gerir sambandið ekki athugasemd við það fyrirkomulag sem lagt er til í b-lið 48. gr., en þar er gert ráð fyrir nokkurs konar bakábyrgð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem er falið að greiða Barnaverndarstofu vistunargjöld sem ekki hefur tekist að innheimta á viðkomandi ári. Sjóðnum verður þá heimilt að draga umrædda greiðslu af jöfnunarframlögum viðkomandi sveitarfélags.



Sambandið er ennfremur sammála þeirri tilhögun sem fram kemur í 48. gr. frumvarpsins að setja samræmda gjaldskrá fyrir fósturúrræði. Þeirri breytingu er ætlað að tryggja betra jafnræði og draga úr togstreitu um val á úrræðum.

#### 4. Eftirlit með úrræðum og vistun barna utan heimilis, sbr. 49. gr.

Í 49. gr. er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Gert er ráð fyrir því að barnaverndarnefndir leggi mat á gæði og árangur vistúrræða á þeirra vegum. Fram kemur í frumvarpinu að það sé nýmæli að kveða á um þetta í barnaverndarlögum en gera verður ráð fyrir að skyldan hafi engu að síður hvílt á barnaverndarnefndum í samræmi við eðlilega og faglega stjórnábyrgð. Markmiðið er fyrst og fremst að áréttu skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum nefndarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna.

Einn liður í bættu eftirliti og gæðum barnaverndarstarfs er að heimsóknir barnaverndarnefndar á fósturheimili skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir, en samkvæmt núgildandi lögum skal barnaverndarnefnd heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári en oftast ef ástæða þykir til. Gera verður ráð fyrir að þessi breyting hafi einhverja útgjaldaaukningu í för með sér í ferða- og dagpeningakostnaði og aukinni vinnu starfsmanna barnaverndarnefnda. Að einhverju leyti er unnt að lágmarka þessa kostnaðaraukningu með því að samnýta ferðir auk þess sem ýmis dæmi eru um að nú þegar séu farnar tvær eða fleiri eftirlitsferðir vegna skjólstæðinga barnaverndarnefnda. Einnig geta barnaverndarnefndir aflað með reglubundnum hætti upplýsinga um stöðu barns í fóstri með öðrum hætti en heimsóknum.

Í gildandi lögum er ekki með beinum hætti fjallað um eftirlit Barnaverndarstofu með úrræðum sem eru á ábyrgð sveitarfélaga en þó má telja að það felist í almennu eftirliti Barnaverndarstofu með störfum barnaverndarnefnda skv. 3. mgr. 8. gr. laganna. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að skerpa þetta eftirlitshlutverk Barnaverndarstofu til að auka réttaröryggi barna sem vistuð eru utan heimilis. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leggi megináherslu á að tryggja að barnaverndarnefndir sækji um leyfi fyrir úrræði, að uppfylltar séu kröfur til þeirra sem taka að sér að annast barn og að öðru leyti uppfylltar kröfur til vistunarinnar. Barnaverndarstofa getur skv. c-lið 49. gr. frv. svipt barnaverndarnefnd leyfi til að reka úrræði en ákvæði um þetta er nú að finna í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004. Þá má minna á að Barnaverndarstofa getur beitt úrræðum 8. gr. laganna, til dæmis áminningu, svo sem ef barnaverndarnefnd verður uppvís að því að reka úrræði án þess að hafa tilskilið leyfi.

Í 2. mgr. d-liðar 49. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji reglugerð um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Sambandið leggur til þá breytingu á ákvæðinu að á eftir orðunum *tillögum „Barnaverndarstofu“* komi: *og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga*. Sama athugasemd á einnig við um reglugerðarheimild í 6. mgr. 45. gr. frv.



Sambandið tekur undir það sem fram kemur í skýringum við frumvarpið, að við nánari afmörkun í reglugerð verður að taka tillit til þess að hér haldast í hendur hlutverk barnaverndarnefndar sem fylgist með ráðstöfun barns, hlutverk Barnaverndarstofu sem fylgist almennt með gæðum úrræðis og hlutverk eftirlitsaðila sem fylgist með því að starfsemin uppfylli skilyrði laga. Við útfærslu á hlutverkum hvers og eins verður að gæta þeirrar sjálfsögðu meginreglu að fjölda og umfangi úttekta, skýrslugjöf og öðrum eftirlitsaðgerðum verði haldið í hófi og í samræmi við umfang og eðli starfseminnar.

#### 5. Ábendingar við einstakar greinar


Sambandið telur sérstaka þörf á að félags- og tryggingamálanefnd skoði eftirtalдар greinar frumvarpsins nánar við afgreiðslu frumvarpsins:

**c.-liður 11. gr.** Gerð er krafa um það að barnaverndarnefnd afli samþykkis foreldra áður en samstarfi er komið á við þá sem vinna með viðkomandi barn, svo sem leik- og grunnskóla, félagsráðgjafa og aðra sem lögum samkvæmt er skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna. Draga má í efa að hagsmunir barnsins séu settir í forgang ef afstaða foreldra á að geta ráðið úrslitum um það hvort slíku samstarfi er komið á, en ákvæðið gæti reynst umtalsverð hindrun fyrir þá sem vinna að barnaverndarstarfi og orðið til þess að lengja alla málsmeðferð.

**a-liður 13. gr.** Við ákvæðið bætist: *enda gæti þessir aðilar þagnarskyldu um þær upplýsingar sem leynt skulu fara.*

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og tryggingamálaráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2010

1001018SA GB  
Málalykill: 234

### Efni: Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga til fyrirhugaðra breytinga á 75. gr. barnaverndarlaga

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 18. janúar sl., þar sem óskað er eftir tillögum sambandsins um það hvernig ábyrgð á skólakostnaði barna í tímabundnu fóstri verði best fyrir komið í lögum. Jafnframt er vísað til meðfylgjandi sérálits Ragnars Þorsteinssonar, fulltrúa í skólamálanefnd sambandsins, þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg tekur ekki undir afstöðu sambandsins í þessu máli.

#### 1. Inngangur

Í bréfi ráðuneytisins er vísað til álitsgerðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 14. október 2009. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að við ráðstöfun barna í tímabundið fóstur skuli viðtökusveitarfélag bera allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu þessara barna, s.s. kennslukostnað og skólaakstur. Umframkostnaður á borð við sérfræðipjónustu skuli hins vegar greiddur af því sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili.

Meirihluti starfshóps sem nýverið skilaði tillögum um breytingar á barnaverndarlögum lagði til að lögnum yrði breytt í samræmi við fyrrgreint álit. Fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í starfshópnum gerði hins vegar fyrirvara við tillögu meirihlutans og taldi hana fela í sér mjög íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Sér í lagi geti hún komið hart niður á minni sveitarfélögum. Að áliti fulltrúans fer breytingin jafnframt gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu þeim að kostnaðarlausu.

Í erindinu vísar félags- og tryggingamálaráðuneytið til þess að nokkur sveitarfélög hafi skorað á ráðherra að sjá til þess að fyrrgreind niðurstaða mennta- og menningarmálaráðuneytisins verði ekki tekin upp í frumvarpi til barnaverndarlaga. Í þeim áskorunum er almennt vísað til þess áðurnefnds fyrirvara.

Um kostnaðarábyrgð sveitarfélaga vegna fósturbarna er fjallað í 75. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sem hljóðar svo:

*Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra.*



Í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004 segir jafnframt að það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur skuli standa straum af kostnaði vegna skólagöngu barnsins í grunnskóla á meðan ráðstöfunin varir.

## 2. Sjónarmið úr umsögn sambandsins frá 10. nóvember 2008

Í umsögn sambandsins til menntamálaráðuneytisins um erindi Barnaverndarstofu segir m.a.:

„Þau vandamál sem vissulega eru fyrir hendi varðandi skólagöngu fósturbarna verða alls ekki í öllum tilvikum leyst á ásættanlegan hátt með því að fella lagaskyldu alfarið á viðtökusveitarfélagið. Má a.m.k. velta fyrir sér hvort vandinn liggir ekki einnig í því að við val á fósturheimilum sé of lítið tillit tekið til aðgangs að skólavist við hæfi. Vert er að hafa í huga að fámennustu skólar landsins geta fæstir boðið upp á þau sérkennsluúrræði og aðra sérfræðiþjónustu sem mörg fósturbörn þarfnast. Í slíkum tilvikum snýst vandamálið alls ekki eingöngu um það hver eigi að greiða kostnað vegna skólagöngu fósturbarnsins heldur ekki síður hvort yfirleitt sé mögulegt að bjóða upp á fullnægjandi þjónustu fyrir börnin.

Nauðsynlegt er að skólavist sé með fyrstu þáttum sem tryggðir eru í undirbúningsferli fósturvistar og að við val á fósturheimili sé tekið mið af því hvort unnt er að uppfylla þarfir fósturbarna sem þurfa sérstaka aðstoð. Vinnureglur þurfa að taka mið af því og bæði barnaverndarnefndir og skólanefndir þurfa í sameiningu að vinna að lausn einstakra mála. Ekki má heldur gleyma réttindum þeirra barna sem fyrir eru í skólanum til að fá kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi, sbr. 13. gr. grunnskólalaga.

Í erindi Barnaverndarstofu er lýst þeirri skoðun að það sé „óheppilegt fyrirkomulag að eitt sveitarfélag meti og taki ákvarðanir um umfang og eðli þjónustu sem annað sveitarfélag eigi svo alfarið að greiða fyrir.“ Þótt að einhverju leyti sé unnt að taka undir þetta sjónarmið er reyndin sú að í flestum tilvikum tekst sveitarfélögum að leysa sín á milli ágreiningsmál af þessum toga. Ljóst er að ekki er alltaf eingöngu við viðtökusveitarfélag að sakast þegar slíkur ágreiningur kemur upp því í mörgum tilvikum skortir einnig á að fullnægjandi gögn séu send milli sveitarfélaga um þarfir viðkomandi barna. Einnig getur svigrúm skóla verið takmarkað til að mæta sérstökum þörfum barna sem er ráðstafað í úmabundið fóstur á miðju skólaári.

Samband Íslenskra Sveitarfélaga hefur gefið út viðmiðunarreglur um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, sem hafa þann tilgang að einfalda samskipti sveitarfélaga þegar nemandi sækir grunnskóla í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili.

Sambandið vísar einnig til þeirrar meginreglu að íbúar í einu sveitarfélagi eigi ekki rétt á að sækja þjónustu í öðru sveitarfélagi nema sveitarfélögin hafi samið sín á milli um veitingu slíkrar þjónustu. Það væri því mjög óeðlilegt að gera ráð fyrir því að allur kostnaður vegna skólagöngu fósturbarna lendi á



viðtökusveitarfélagi nema fyrir liggja skýr niðurstaða löggjafans hvað það varðar. Slík niðurstaða liggur ekki fyrir, eins og nánar verður rakið í umsögn þessari.“

### 3. Afstaða skólamálanefndar sambandsins

Skólamálanefndin fjallaði um málið á fundi sínum sem haldinn var 9. febrúar sl, að beiðni stjórnar sambandsins. Eftirfarandi afstaða kemur fram í fundargerð nefndarinnar:

“Lögð er til grundvallarbreyting varðandi kostnaðarskiptingu viðtöku- og lögheimilissveitarfélags sem fer gegn þeirri meginreglu að svf. er ekki skylt að veita íbúum annarra svf. þjónustu þeim að kostnaðarlausu. Leita þarf sanngjarnrar niðurstöðu fyrir báða aðila með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Taka þarf fleiri hliðar inn í þá vinnu t.a.m. vinnulag Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda bæði í viðtöku- og lögheimilissvf. við ráðstöfun barna í fóstur, val á svf. og skilyrði til skólavistar og sérfræðiþjónustu í því ferli, áhrif jöfnunarsjóðsframlaga vegna skólagöngu og -aksturs og mat á raunverulegum viðbótarkostnaði svf. vegna fósturbarna umfram sértækan kostnað vegna sérfræðiþjónustu t.a.m. Framkvæmdastjóri ásamt sviðsstjóra lögfræðisviðs munu ganga frá svari sambandsins við erindi ráðuneytisins.“

Eins og sjá má af fundargerð skólamálanefndar gerir nefndin ekki beina tillögu um breytingu á fyrirbyggjandi frumvarpi til barnaverndarlaga. Af umfjöllun nefndarinnar má hins vegar ráða að það fyrirkomulag sem nú er unnið eftir um vistun fósturbarna og viðmiðunargreiðslur fyrir skólakostnað er fjarrí því að vera gallalaust og þarfnast endurskoðunar.

Við umræðu í nefndinni var m.a. rætt um þau sjónarmið sem að framan eru rakin um að skólar eru misvel í stakk búnir til þess að taka við nemendum sem glíma við mikla erfiðleika, ekki síst þegar þeir bæstast við nemendahópinn eftir upphaf skólaárs. Ef ekki eru tiltæk fullnægjandi úrræði getur einnig orðið mikil röskun á skólastarfi með neikvæðum afleiðingum fyrir þá nemendur sem fyrir eru í skólanum. Allir skólar hafa þó sömu lagaskylduna til að taka við nýjum nemendum, sbr. 5. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008. Nefndin telur að við val á fósturheimilum verði að taka meira tillit til möguleika á skólavist við hæfi heldur en nú er gert af hálfu barnaverndaryfirvalda með það fyrir augum að velja það fósturúrræði sem er barninu fyrir bestu.

### 4. Viðmiðunarreglur sambandsins

Allt frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga hafa verið í gildi viðmiðunarreglur sambandsins um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags. Skólamálanefndin ákvað nýverið að fela lögfræði- og velferðarsviði sambandsins að endurskoða gildandi viðmiðunarreglur, m.a. með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á grunnskólalögum. Sú vinna stendur enn yfir.

Rétt er að taka fram að reglurnar gilda ekki aðeins um fósturbörn sem vistuð eru tímabundið utan lögheimilissveitarfélags heldur gilda þær um ýmis önnur



tilvik, svo sem þegar nemandi vill ljúka námi í sama skóla þótt fjölskylda hans hafi flutt í annað sveitarfélag. Er reglunum ætlað að einfalda samskipti sveitarfélaga í slíkum tilvikum. Sveitarfélög eru ekki bundin af reglunum en í langflestum tilvikum eru greiðslur sveitarfélaga fyrir skólavist í samræmi við viðmiðunargjaldið. Viðmiðunargjaldið er endurskoðað árlega. Fullyrða má að viðmiðunarreglurnar hafa almennt gefist vel í framkvæmd. Í viðmiðunargjaldi skv. 3. gr. reglnanna er falinn allur almennur skólakostnaður, annar en viðbótarkostnaður vegna húsnæðis, sérkennslu, mötuneytis, skólaaksturs, heimavistar eða annarra sérstakra aðstæðna. Ekki er því að fullu um að ræða samsvörun við álit menntamálaráðuneytisins eða tillögur starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga, þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við skólaakstur falli undir almennan kostnað skv. 75. gr. barnaverndarlaga. Reglurnar eru einnig reistar á því sjónarmiði að það skipti verulegu máli, bæði fjárhagslega og faglega, hversu stór sá skóli er sem tekur við barni frá öðru sveitarfélagi. Smærri skólarnir fá þannig hærrí greiðsiu til að skapa þeim svigrúm til þess að bregðast við fjölgun nemenda og aukinni þjónustubörf með forsvaranlegum hætti.

Við ákvörðun viðbótarkostnaðar er aðeins tekið til þess sem er sannanlega umfram almennan kostnað og framlag jöfnunarsjóðs vegna hlutaðeigandi nemanda, sbr. 4. gr. og verður vart annað sagt en að því leyti hafi verið gætt meðalhófs við gerð reglnanna.

Í tengslum við umræðu um málefni fósturbarna hafa vaknað ýmsar spurningar um það hvort nægilegt tillit sé tekið til framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög til reksturs grunnskólans, en undir þær reglur falla m.a. framlög til greiðslu kostnaðar vegna skólaaksturs. Full ástæða er til þess að fara nákvæmlega yfir það mál með sjónarmið um sanngirni og jafnræði að leiðarljósi. Jafnframt er þó ljóst að flóknar reglur sjóðsins, m.a. ákvæði um skerðingu framlaga í hlutfalli við tekjur sveitarfélaga, kunna að skekkja myndina umtalsvert. Þannig má vera að sum sveitarfélög fái engin framlög vegna skólaaksturs þótt sannanlega sé um viðbótarkostnað að ræða vegna nýrra nemenda, þ.á m. fósturbarna. Einnig þarf að skoða vel hvernig framlög jöfnunarsjóðs ná að bæta sveitarfélögum kostnað sem þau kunna að verða fyrir vegna barna í tímabundnu fóstri ef það tekur aðeins til hluta af skólaárinu.

## 5. Tillaga sambandsins

Að áliti sambandsins er of langt gengið í frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum með því að gera ráð fyrir því að allur almennur skólakostnaður vegna barna sem send eru í tímabundið fóstur lendi á viðtökusveitarfélagi.

Hugsanleg málamiðlun væri að kveða á um það í barnaverndarlögum og reglugerð um fóstur að frá bæði almennum og sérstökum skólakostnaði skuli draga jöfnunarframlög að því marki sem þau kunna að hækka við fjölgun nemenda. Slík breyting færi síður í bága við þá grundvallarreglu sem vísað er



til í fyrirvara fulltrúa sambandsins í starfshópnum, að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án endurgjalds.

Sambandið ítrekar jafnframt þá afstöðu sem fram kemur í áður nefndum fyrirvara að tillaga meirihluta starfshópsins felur í sér verulega íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Þótt ekki verði um kostnaðaráhrif að ræða fyrir sveitarstjórnarstigið í heild mun Innbyrðis kostnaðarskipting breytast og verða það einkum minnstu sveitarfélögin sem munu bera hallann af þeirri breytingu. Í þessu samhengi má heldur ekki gleyma réttindum þeirra barna sem fyrir eru í skólanum til að fá kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi, sbr. 13. gr. grunnskólalaga.

Sambandið leggur áherslu á að við ákvörðun um endanlegt efni frumvarpsins verði lagt mat á það af hálfu ráðuneytisins hvort tillaga meirihluta starfshópsins leiði til framfara á sviði barnaverndarmála. Ljóst er að sveitarfélögum ber nú þegar skylda til að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga og þótt nokkurn tíma hafi tekið að kynna þá lagabreytingu virðast skólastjórnendur nú vera meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart þessum nemendum.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## Reykjavíkurborg

*Sérálit fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, vegna afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga til breytingartillögu á ákvæði barnaverndarlaga um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna skólagöngu barna í tímabundnu fóstri*

Fulltrúi Reykjavíkurborgar telur sig tilknúinn til að standa að séráliti um breytingartillögu á ákvæði barnalaga um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna skólagöngu barna í tímabundnu fóstri. Afstaða sambands íslenskra sveitarfélaga er þess efnis að Reykjavíkurborg getur ekki tekið undir hana.

Breytingartillaga sú sem til umfjöllunar er felur í sér að við ráðstöfun barns í tímabundið fóstur skuli viðtökusveitarfélag bera allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem kostnað vegna skóla og aksturs, en umfram kostnaður, eins og af sérfræðipjónustu og öðrum sérþörfum, skuli lögheimilissveitarfélag barnsins greiða. Þetta fyrirkomulag er að áliti Reykjavíkurborgar góð málamiðlun milli þess sjónarmiðs sem Barnaverndarstofa hefur lagt áherslu á, þ.e. að allur kostnaður vegna fósturbarns sé greiddur af viðtökusveitarfélagi og þess sem mörg sveitarfélög hafa talað fyrir, þ.e. að allur kostnaður vegna fósturbarns sé greiddur af lögheimilissveitarfélagi.

Reykjavíkurborg er samþykkt efni ofangreindrar breytingartillögu enda er hún studd svo sterkum rökum að hana beri að styðja. Mikilvægt er einnig að tillagan nái fram að ganga svo tilgangur hennar, í þá átt að eyða þeim fordómum sem oft eru uppi gagnvart börnum sem ráðstafað er tímabundið í fóstur, nái sem best fram að ganga.

Rétt er að minna á að grunngerð skóla er alla jafna sú sama hvar sem er á landinu. Þannig er ljóst að allir skólar hafa yfir að ráða húsnæði, starfsmönnum og viðeigandi aðbúnaði. Nái breytingartillagan fram að ganga er ljóst að ef þörf er á sérfræðipjónustu við barn í fóstri mun kostnaður við þann stuðning ekki íþyngja viðtökusveitarfélaginu. Reynslan hefur sýnt að oft dregur úr þörf á sérfræðiaðstoð eftir því sem lengra liður á fósturtímamann og nýtist því umrædd þjónusta oft einnig öðrum börnum í skólanum. Sá stuðningur myndi þannig nýtast almennt í skólastarfi viðkomandi skóla og verður því ekki séð að móttaka á einu barni til viðbótar við þau sem fyrir eru geti með einhverju móti skert réttindi annars barns í skólanum. Því getur Reykjavíkurborg ekki tekið undir þá afstöðu sem fram kemur í áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga að tilkoma fósturbarns í grunnskóla feli í sér mjög íþyngjandi skyldu á sveitarfélag enda hvílir nú þegar á öllum sveitarfélögum landsins sú ófrávikjanlega skylda að tryggja öllum börnum í sveitarfélaginu lögbundna skólaþjónustu. Að lokum telur Reykjavíkurborg að það sé full mikil einföldun að halda því fram að tillagan gangi gegn meginreglunni um að sveitarfélögum sé einungis skylt að veita þjónustu íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu. Halda má því fram með sterkum rökum að tillagan geri einmitt ráð fyrir þjónustu sveitarfélagsins við íbúa sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu, þ.e. þeim íbúum, sem samkvæmt samningi við barnaverndaryfirvöld, hafa tekið börn í tímabundið fóstur.

Reykjavík, 19. febrúar 2010

Ragnar Þorsteinsson,

sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2788  
komudagur 10.6.2010

Selfossi, 9. júní 2010  
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


### Efni: Umsögn SASS um frumvarp til barnaverndarlaga 557. mál

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera alvarlegar athugasemdir við 39. grein frumvarpsins, en í henni segir m.a. „Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið tímabundið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngubarnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðipjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.“

Hér er um verulega breytingu frá núgildandi reglum þar sem að hingað til hefur lögheimilissveitarfélag greitt allan kostnað vegna fósturbarna. Ljóst er að þessi breyting leiðir til aukins kostnaðar viðtökusveitarfélaga sem í mörgum tilfellum eru fámenn sveitarfélög á landsbyggðinni og því er kostnaðraukinn tilfinnanlegri. Augljós rök eru fyrir því að ef kostnaður er færður á milli sveitarfélaga færist samsvarandi tekjur einnig. Engin rök og engin fordæmi eru hins vegar fyrir því að sveitarfélag greiði kostnaðinn af lögboðnum skyldum annars sveitarfélags. Þessi breyting mun heldur engan vanda leysa því sveitarfélög hafa almennt ekki deilt sín á milli um venjubundinn kostnað vegna skólagöngu fósturbarna, fremur hafa slíkar deilur snúist um þann viðbótarkostnað sem af skólagöngu þeirra hlýst.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Alþingi  
Erindi nr. ~~P~~ 132/2787  
komudagur 10.6.2010

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Borgarnesi 9. júní 2010.

### **Umsögn um tillögu til barnaverndarlaga, 557. mál.**

Vísað er til tölvubrúefs frá nefndasviði Alþingis, dags 14. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi vill sérstaklega fjalla um fyrirkomulag vegna fósturbarna.

Í 75. grein barnaverndarlaga er kveðið á um það að sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal það endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra.

Allt frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga hafa verið í gildi viðmiðunarreglur sambandsins um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags og hafa þessar viðmiðunarreglur gefist vei í framkvæmd.

Sú breyting felst í frumvarpinu að fella kostnað við skólavist grunnskólabarna á viðtökusveitarfélag, *sem verður ótvírætt mjög íþyngjandi fyrir fámenn sveitarfélög auk þess sem það fyrirkomulag sem stuðst er við í dag mun komast í uppnám ef af þessu verður.*

Stjórn SSV leggur áherslu á að lögheimilissveitarfélög munu greiða þann kostnað sem til fellur vegna fósturbarna.

Með vinsemd og virðingu.  
F.h. stjórnar SSV.

Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.



Selfossi, 9. júlí 2010  
1002108


Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Á fundi bæjarráðs Árborgar 8. júlí sl. var lögð fram fundarðgerð nr. 434 frá stjórn SASS undir máli nr. 6, 2. liður, umsagnir um þingmál, var eftirfarandi bókað:

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, bæjarráð tekur undir athugasemdir SASS við 39. gr. frumvarpsins, enda ljóst að breytingin leiðir til aukins kostnaðar viðtökusveitarfélaga, rök eru fyrir því að ef kostnaður færist á milli sveitarfélaga þá verði tekjurnar einnig færðar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Rósa Sif Jónsdóttir,  
ritari á skrifstofu bæjarstjóra



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Skagafjörður, 3. júní 2010  
nr. erindis 1005138 HSB

Á 518. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar 3. júní 2010 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga

Svofelld bókun var gerð:

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.

*„Byggðarráð Skagafjarðar hefur fjallað um málið og leitað álits félagsmálastjóra og fræðslustjóra sveitarfélagsins.*

*Almennt virðast þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta og til þess fallnar að skýra réttarstöðu barna og foreldra, og þar með að gera barnaverndarstarf skilvirkara. Sveitarfélagið vill engu að síður koma einni ábendingu og tveimur athugasemdum á framfæri.*

*Athygli er vakin á 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins, sbr. b. lið, og samspili hennar við 1. mgr. 39. gr. um réttarstöðu foreldris sem ekki fer með forsjá barns. Hér er um mikilvæg nýmæli að ræða varðandi réttarstöðu barns og foreldris, þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni tímabundið til þess foreldris sem ekki fer með forsjá. Er þá gert ráð fyrir að um það gildi sömu reglur og eiga við um tímabundið fóstur.*

*Í 39 gr. frumvarpsins eru skýrðar betur en nú er skyldur sveitarfélagsins við fósturforeldra, þ.m.t. fósturlaun. Almennt er þessi grein mjög til bóta, en bent er á að ekki er sjálfgefið að foreldri, sem tekur tímabundið við umsjá barns síns, þótt á ábyrgð barnaverndarnefndar sé, þiggi fyrir það fósturlaun, eins og skilja má ákvæði umræddra greina. Þetta ætti að vera unnt að meta í hverju tilviki fyrir sig út frá hagsmunum barnsins og þörfum viðkomandi kynforeldris fyrir stuðning.*

*Athygli er vakin á 3. mgr. 39. gr. frumvarpsins en þar er gert ráð fyrir að lögheimilissveitarfélag fósturforeldra beri allan almennan skólakostnað fósturbarna. Fram til þessa hefur lögheimilissveitarfélag barnsins greitt hvort tveggja almennan skólakostnað, þmt. skólaakstur, og gjöld fyrir sérfræðipjónustu.*

*Sú breyting er iöggð til að móttökusveitarfélag greiði allan almennan skólakostnað og akstur vegna fósturbarna, en að sérfræðipjónustan verði áfram greidd af lögheimilissveitarfélagi. Hér er í langflestum tilvikum um að ræða tilfærslu á skólakostnaði frá fjölmennustu sveitarfélögunum, þaðan sem flest fósturbörn koma, til hinna fámennari dreifbýlissveitarfélaga með fámenna skóla og þar af leiðandi háan skólakostnað. Hér getur verið um verulega íþyngjandi gjöld að ræða fyrir fámenna skóla sem móttökusveitarfélagið hefur enga möguleika að hafa áhrif á. Breytingin virðist því fela í sér augljóst ranglæti og því er mótmælt að breytingin sé nauðsynleg til að tryggja hagsmuni fósturbarns. Þeir yrðu eins vel eða betur tryggðir með því að lögin kvæðu skýrt á um skyldur þess sveitarfélags sem ber ábyrgð á fósturráðstöfuninni.*



# Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

*Þessi breytingu er því harðlega mótmælt.*

*Athygli er vakin á 47. gr. og 48. gr. fúmvarpsins um gjaldtöku af sveitarfélögum við ráðstöfun barna í visturræði, heimili eða stofnun, skv. 79. gr. bvl.*

*Hér er um nýmæli að ræða sem ætla má að verði til verulegs útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin. Minnt er á að ríkið tók að sér rekstur slíkra úrræða, án gjaldtöku, með samkomulagi við sveitarfélögin, sem þess í stað tóku að sér ábyrgð á rekstri akstursþjónustu fatlaðra.*

*Nauðsynlegt er að skoða þessi mál í þessu ljósi en að öðru leyti er tekið undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi þetta atriði.*


Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Afgreiðsla byggðarráðs verður tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 8. júní nk.

Virðingarfyllt,  
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar

*Helga S. Bergsdóttir*

Helga S. Bergsdóttir  
Stjórnsýsluritari



Skagafjörður



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2822  
komudagur 15.6.2010

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2010

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum, 557. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er að finna margvíslegar breytingar á barnaverndarlögum. Margar breytinganna fela einungis í sér skýringu á núgildandi lögum og lagaframkvæmd, og telur umboðsmaður barna þær jákvæðar. Í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli sem umboðsmaður barna fagnar sérstaklega, svo sem ákvæði sem miða að því að skýra réttarstöðu foreldra með sameiginlega forsjá, aukið samstarf barnaverndarnefnda og annarra sem vinna með börnum og ákvæði sem taka til þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu.

Umboðsmaður barna lýsir yfir ánægju sinni með 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um heimild Barnaverndarstofu til að byggja upp sérhæfð úrræði fyrir börn með fjölbættan vanda. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að styrkja réttarstöðu þeirra barna sem geta ekki nýtt sér hefðbundin úrræði, svo sem vegna fötlunar. Samhliða því er nauðsynlegt að tryggja aukið fjármagn til uppbyggingar



úrræða sem taka tillit til sérþarfa þessara barna.

Í frumvarpinu er að finna breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi úrræði fyrir börn sem eru vistuð utan heimilis. Ljóst er að sveitarfélög eru misvel í stakk búin til þess að tryggja börnum, sem vista þarf utan heimilis, nauðsynleg úrræði. Umboðsmaður barna fagnar 41. gr. frumvarpsins sem miðar að því að ríkið beri ábyrgð á að tryggja fagleg úrræði fyrir öll börn á landinu. Eins og fram kemur í 47. gr. frumvarpsins ber sveitarstjórn sem ráðstafar barni í vistun ábyrgð á hluta kostnaðar vegna slíkra úrræða. Sú tilhögun getur dregið úr líkum á því að minni sveitarfélög nýti sér þessi úrræði með sama hætti og stærri sveitarfélög. Umboðsmaður barna telur því að jafnræði barna væri betur tryggt ef umrædd úrræði væru alfarið á ábyrgð ríkisins.

Í tengslum við nýja verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga miðar 49. gr. frumvarpsins að því að styrkja mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Umboðsmaður barna bindur miklar vonir við að umrætt ákvæði muni auka réttaröryggi barna sem eru vistuð utan heimilis og auka líkurnar á því að sú vistun nái tilgangi sínum.

Í núgildandi barnaverndarlögum er sérstaklega tekið fram að ávallt skuli gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Með a-lið 21. gr. frumvarpsins er þetta 12 ára aldurstakmark felld úr gildi. Umboðsmaður barna hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að börnum sé gefið tækifæri til að tjá sig í öllum málum sem þau varða, sbr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á síðustu árum hafa embættinu borist athugasemdir um að aldurstakmark laganna hafi í ákveðnum tilvikum haft þau áhrif að yngri börnum sé ekki gefið tækifæri til þess að tjá sig. Verður því að telja jákvætt að orðalaginu sé breytt í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Barnasáttmálans. Umboðsmaður barna ieggur þó áherslu á að umrædd breyting verði til þess að öllum börnum, sem geta myndað sér skoðun, sé gefið tækifæri til að tjá og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Þá er mikilvægt að tryggja að breytingin dragi ekki úr rétti barna sem náð hafa 12 ára aldri til þess að tjá sig.

Með 25. gr. frumvarpsins er kveðið skýrara á um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn í barnaverndarmálum. Umboðsmaður barna telur þetta mikla réttarbót, enda varða barnaverndarmál alltaf mikla hagsmuni barna. Í nýlegum dómi Hæstaréttar frá 25. mars 2010, í máli nr. 169/2010, var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að senda barn aftur á heimili foreldra sinna þrátt fyrir að gögn málsins bentu til þess að það hefði orðið fyrir ofbeldi á heimilinu. Í héraðsdómi voru ekki sérfróðir meðdómsmenn, þó að um hafi verið að ræða mikilvæga hagsmuni barnsins og eðlilegt hefði verið að




hafa slíka meðdómsmenn. Telur umboðsmaður barna því mikilvægt að tryggja að sérfróðir meðdómsmenn séu almennt kvaddir til í barnaverndarmálum.

Umboðsmaður barna fagnar því að heimild Barnaverndarstofu til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá sé rýmkuð, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Umboðsmaður barna telur ástæðu til að auka enn frekar heimildir Barnaverndarstofu til að halda utan um upplýsingar um dæmda kynferðisafbrotamenn. Þannig væri að mati umboðsmanns barna æskilegt ef Barnaverndarstofa gæti aflað upplýsinga um einstaklinga sem hafa hlotið refsidóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum og metið hvort hætta sé á að viðkomandi brjóti af sér aftur. Ef áhættumat leiðir í ljós að um er að ræða einstakling sem ógn stafar af gæti Barnaverndarstofa komið því á framfæri til barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi sem viðkomandi er búsettur í.

Í 4. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga kemur fram að barnaverndarnefnd skuli tilkynna foreldrum barns ef mál hefur verið tilkynnt til nefndarinnar og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að slík tilkynning skuli fara fram innan við viku frá því að ákvörðun var tekin. Umrædd regla er eðlileg, enda bera foreldrar ábyrgð á öryggi og velferð barna sinna, auk þess sem mörg barnaverndarmál varða foreldra með beinum hætti. Umboðsmanni barna hafa þó borist athugasemdir, fyrst og fremst frá stálpuðum börnum, þar sem kvartað er yfir ósveigjanleika þessa ákvæðis. Í ákvæðinu er aðeins gert ráð fyrir að fresta megi tilkynningu ef ríkir rannsóknarhagsmunir mæla með því. Samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skal ávallt hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi. Þegar um er að ræða mál sem varða ungmenni getur verið að í einstaka tilvikum sé það ekki viðkomandi einstaklingi fyrir bestu að foreldrar séu látnir vita af tilkynningu til barnaverndarnefndar. Telur umboðsmaður barna því ástæðu til að auka sveigjanleika ákvæðisins þannig að hægt sé, við mjög sérstakar aðstæður, að láta hjá líða að upplýsa foreldra um tilkynningu. Við mat á því hvort beita beri slíkri undantekningu þarf að hafa hliðsjón af þroska og vilja ungmennis sem og því hvort tilkynning teljist ógna verulega hagsmunum þess.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2010  
Tilvísun: 2010050005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, þingskjal 947, 557. mál.**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 14. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, þingskjal 947, 557. mál.

Útlendingastofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps. Stofnunin gerir hins vegar engar athugasemdir við efni frumvarpsins, hvorki í heild né að hluta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Útlendingastofnunar,



Hreiðar Eiríksson.

## Umsögn

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja

26. maí 2010

### Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum þskj. 947 - 557. Mál.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja (sem fer með hlutverk barnaverndarnefndar) fagnar framkomnu frumvarpi og telur mörg atriði sem þar koma fram til bóta. Þar má nefna aukna og skýrari réttarstöðu barna, fósturforeldra og foreldra sem ekki fara með forsjá barns eða eru ekki með lögheimili barns hjá sér. Jákvæðar eru þær breytingar sem fram koma varðandi málsmeðferð fyrir dómstólum og ættu þær að bæta að talsverðu leyti úr þeim ágöllum sem fram hafa komið varðandi dómstólameðferð barnaverndarmála, s.s. skort á sérfræðipekkingu, langs málsmeðferðartíma og réttarstöðu barna t.d. rétti þeirra til að koma sjónarmiði sínu á framfæri.

Mikilvægt er að tryggja þekkingu barnaverndaryfirvalda, starfsmanna, dómara og helstu samstarfaðila á barnaverndinni. Þær flóknu málsmeðferðarreglur sem fylgja dómsmeðferð kalla á sérþekkingu sem ekki er alltaf til staðar, s.s. í dreifðari byggðum landsins og er mikilvægt að fræðsla, stuðningur og ráðgjöf sé öflug til nefnda og starfsmanna, ekki síst í kjölfar lagabreytinga.

Þá er ljóst að með þeim breytingum sem lagðar eru til, auk þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í málaflokknum á undanförnum árum, að talsvert aukin verkefni eru lögð á sveitarfélög/barnaverndarnefndir og krefst það aukins fjármagns, tíma og mannafla. Brýnt er að gera ítarlega athugun á þessari verkefnatilfærslu milli ríkis og sveitarfélaga og gera ráð fyrir að skoða þurfi breytingar á kostnaðarskiptingu.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, í mörgum tilvikum til að árétta það sem við teljum til bóta en einnig er hér velt upp ýmsum spurningum og gagnrýni.

#### Athugasemdir um einstakar greinar

5. grein. Gott er að árétta skilvirkni og upplýsingagjöf við flutning mála milli sveitarfélaga. Reynslan hefur sýnt að erfitt er að viðhalda samfellu í málsmeðferð, einkum þegar upplýsingar skortir um fyrri vinnslu málsins.

Kveða mætti skýrar á um skyldur barnaverndarnefnda til að tilkynna um fósturbörn til barnaverndarnefnda í viðtökusveitarfélagi. (Í núgildandi lögum er aðeins kveðið á um þetta í 15. gr. á þann hátt að „ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur“). Að tilkynna um fósturbörn til þeirrar nefndar þar sem fósturforeldrar eru búsettir er



sjálfsgöð vinnuregla sem er þó ekki alltaf viðhöfð og ætti að vera sjálfsgöð að nefndir séu upplýstar um það þegar börn eru vistuð í þeirra sveitarfélagi.

Varðandi d) lið virðast vera þrengd ákvæði um greiðslur ríkis til sveitarfélaga vegna barna sem ekki eru með lögheimili í landinu, þ.e. einungis greitt vegna ráðstöfunar barns í fóstur eða aðra vistun en ekki vegna stuðningsúrræða á heimili s.s. tilsjón, persónuleg ráðgjöf., stuðningsfjölskyldur. Spurning hvort þetta verði „hvatning“ til barnaverndarnefnda að vista fremur þessi börn utan heimilis í stað þess að beita úrræðum á heimili?

6.-7. grein. Jákvætt að setja inn skýrar (í grein um tilkynningaskyldu) tilkynningaskyldu vegna ófæddra barna. Mikilvægt er að geta gripið inn í strax á meðgöngu ef þörf krefur.

8. grein. Jákvætt að „grisja“ þær tilkynningar sem berast frá lögreglu. Óþarfi að tilkynna um t.d. minniháttar umferðarlagabrot. T.d. hafa borist tilkynningar frá lögreglu um afskipti af börnum og ungmennum sem voru í raun tilhæfalaus, t.d. „ágreiningur á milli aðila“ ofl.

Hins vegar þarf skv. þessum breytingum lögreglan nú að meta sérstaklega hvenær þeir telja barn búa við aðstæður eins og lýst er í 16. grein. T.d. ef um ítrekuð brot á útvistarreglum er að ræða. Að mörgu leyti er þetta jákvætt en þó er nokkuð áhyggjuefni hvort misræmi verði í málsmeðferð varðandi þetta, m.a. eftir því hversu mikið álag er á lögreglu hverju sinni og sem er örugglega misjafnt eftir sveitarfélögum og jafnvel árstímum. Spurning er hvernig lögreglan mun meta t.d. tilvik um ölvun ungmenna - mun hún tilkynna öll tilvik eða einungis ítrekuð? Eitthvað hefur borið á því að lögreglan tilkynni sjaldnar eða ekki smávægileg brot 16-18 ára barna, s.s. ölvun og stundum virðist bera á þeim misskilningi að við sakhæfisaldur barns minnki tilkynningarskylda lögreglu. Þörf er á skýrum verklagsreglum til lögreglu í kjölfarið af þessu.

9. grein. Skiljanlegt er út frá sjónarmiði réttaröryggis að opna fyrir heimildir foreldra til að kæra þá ákvörðun að aflétta ekki nafnleynd. Hins vegar getur þetta orkað tvímælis, t.d. að þurfa að upplýsa tilkynnanda um að nafnleynd sé ekki örugg þar sem margir gætu þá hikað við að leggja fram tilkynningu. Oft fer mikil orka í það hjá foreldrum að grufla í því hver gæti mögulega hafa tilkynnt og að opna þar á umræðu um kærheimild getur verið mjög viðkvæmt. Segja má að almennur skilningur hafi ríkt um að nafnleyndin sé virt nema sérstakar ástæður komi í veg fyrir það og þá helst ef tilkynnt hefur verið af meinfýsni eða í hefndarhug. Að mörgu leyti væri betra að sleppa möguleika á nafnleynd en að starfsmenn barnaverndarnefnda lendi í því hlutverki að „lofa upp í ermina á sér“ því almenningur hefur ekki alltaf skilning á ferli stjórnsýslu, kærumála og dómsmála. Það hvort nafnleynd ríki eða ekki þarf að vera mjög skýrt í huga fólks svo barnavernd virki trúverðug hjá almenningi.

10. grein. Jákvætt að mæla fyrir um endurgjöf til tilkynnanda – þ.e. að tilkynning hafi borist og almennt um málsmeðferð tilkynninga. Ábendingar hafa komið m.a. frá skólafólki um að þeim finnst skorta á þetta. Sjá ennfremur umfjöllun um 11. og 13. grein.

11. grein. Jákvætt að hafa inni þann möguleika að foreldrar geti skotið ákvörðun barnaverndarnefndar um að aðhafast ekki (frekar) í máli til kærufndar. Ýtir m.a. undir jákvæða ímynd barnaverndar auk þess sem það stuðlar að betri málsmeðferð í málefnum barna með áhættu hegðun. Gott er að setja inn ákvæði um samstarf við aðra aðila sem tengjast barninu.

12. grein. Ákvæði um frekari vinnslu málsins eftir 18 ára aldurs sbr. 3.gr. laganna er jákvætt. Hér mætti einnig tiltaka fleiri úrræði/ráðstafanir en vistun eða fóstur, t.d. stuðning til náms, tilsjónarsambýli og annan stuðning við sjálfstæða búsetu (flokkast e.t.v. undir vistun) og persónulega ráðgjöf.

13. grein. Í framhaldi af umræðu um 10.-11. grein - gott er að hafa möguleika á að úrskurða um upplýsingagjöf. Oft á tíðum er erfitt að ná samstarfi við foreldra og eru stundum einu upplýsingarnar og eftirlitið með barninu af hálfu samstarfsaðila s.s. skóla og þá er nauðsynlegt fyrir þann aðila að fá þær upplýsingar um barnið sem þarf til að geta sinnt stuðningi og eftirliti sem skyldi.

18.grein . Jákvætt er að tiltaka skýrar meðferð upplýsinga úr sakavottorðum t.d. að öll kynferðisbrot séu til skoðunar,( ekki einungis gagnvart börnum) og hvort/ hvernig fjalla skuli um önnur brot en kynferðisbrot.

20. grein. Gott er að hafa ríkari og skýrari fyrirmæli varðandi upplýsingaskyldu heilbrigðisstofnana og lögreglu til barnaverndarnefndar, þ.m.t. upplýsingar um aðra heimilismenn sem skipt geta máli.

21. grein. Að fella niður aldursmörkin 12 ára með það að markmiði að auka rétt yngri barna er afar jákvætt en það krefst mikillar kynningar til að það nái markmiði sínu. Ýmsar vísbendingar eru fyrir hendi um að jafnvel börnum sem orðin eru 12 ára sé ekki alltaf gefinn kostur á að tjá sig og þarf að leita allra leiða til að tryggja þennan rétt allra barna.

26. grein. Mjög jákvætt er að festa sérstaklega ákvæði um sérfróða meðdómsmenn þar sem borið hefur á að þeir séu ekki kallaðir til í öllum forsjársviptingarmálum. Það er grundvallaratriði að tryggja sérþekkingu á þessum flóknu málum fyrir dómi. Þá er jákvætt að kveða sérstaklega á um flýtimeðferð í forsjársviptingarmálum.

29. grein. Gott er að áréttu og skerpa á tímamörkum dómsmála (skv. 27.-28. gr.) þar sem vísbendingar eru um að þau taki oft á tíðum allt of langan tíma í vinnslu.

30. grein. Dómari skal meta sérstaklega hvort afstaða barns komi með nægilega skýrum hætti fram í gögnum máls og er það jákvætt þar sem hingað til hefur verið nokkuð á reiki það mat hvenær og hvernig barn hefur þroska og aldur til að tjá sig. Samkvæmt þessu á afstaða allra barna að liggja fyrir (óháð aldri) og mikilvægt að áréttu það.

31. grein. Gott er að fram komi markmiðið með tímabundnu fóstri og að það skuli ekki vara samanlagt lengur en í tvö ár nema í undantekningartilfellum. Hætta er á að gripið sé ítrekað til tímabundins fósturs fremur en að leysa mál barna til frambúðar og slíkt þjónar yfirleitt fremur hagsmunum foreldra en barns.

32. grein. Gott er að áréttu fræðsluskyldu Barnaverndarstofu gagnvart fósturforeldrum. Hins vegar vantar í lögín hver teljist eftirlitsaðili með fósturheimilum almennt (sjá grein 49, varðandi nýja lagagrein 89 b). Barnaverndarnefndir hafa það hlutverk gagnvart þeim börnum sem þær fóstura en þótt einstakar barnaverndarnefndir taki þá ákvörðun að rjúfa fóstur vegna t.d. brota fósturforeldris gagnvart barni hafa þær ekki vald til að svipta þær fjölskyldur leyfi. Skýrar þarf að mæla fyrir um eftirlit og leyfisveitingar til fósturforeldra.

34. grein. Tímabært er að setja inn ákvæði um réttarstöðu foreldra sem ekki fara með forsjá barns og réttarstöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá en barn býr ekki hjá. Þessi mál geta verið mjög flókin í vinnslu og dýrmætt að fá leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að málsmeðferð í þessum tilvikum.

38. grein. Jákvætt að auka réttarstöðu fósturforeldra t.d. hvað varðar samninga um umgengni.

39. grein. Mjög jákvætt er að fá loksins reglugerð sem kveður á um greiðslur fósturlauna. Mikið misvægi getur og hefur skapast á milli sveitarfélaga varðandi upphæðir fósturlauna. Í gegnum tíðina hefur t.d. borið á því að ættingjar sem gerast fósturforeldrar fái lægri greiðslur en aðrir fósturforeldrar. Mjög mikilvægt er að jafna þetta misvægi milli sveitarfélaga og eyða þeirri óvissu sem uppi er um skyldur barnaverndarnefnda til að greiða fósturlaun, þ.e. hver upphæð þeirra skuli vera.

Varðandi þann þátt að ekki verður lengur um greiðslu námsvistar að ræða fyrir skólabörn hefur það verið talsvert til umræðu innan fræðslugeirans og sætt talsverðri gagnrýni þar. Bent hefur verið á að ekki sé í dag ágreiningur um grunngjaldið og því spurning um nauðsyn þess að fella það niður. Það er margt sem breytist hjá barni sem fer í annan skóla (ekki síst barn sem fer í fóstur – nýr skóli, ný fjölskylda, nýtt umhverfi osfrv.) og þá getur verið um allt aðra þörf að ræða en þegar barnið var í sínum heimaskóla, meiri eða minni allt eftir aðstæðum. Minni skólar bera í raun meiri kostnað heldur en stærri og fá því í dag hærra grunngjald þar sem fastur kostnaður dreifist á færri nemendur. Mörg af fósturheimilum eru staðsett í fámennari sveitarfélögum s.s. í sveitum landsins og því um talsvert hagsmunamál fyrir þau sveitarfélög að ræða. Þá má velta fyrir sér hvort hætta sé á annars vegar að viðtökusveitarfélög gefist fljótt upp og „búi til“ sérþarfir fyrir barnið og heimti reikning vegna þess og hins vegar hvort þetta verður hvatning fyrir skólayfirvöld í lögheimilissveitarfélagi barnsins að „losa sig við“ erfiða einstaklinga þar sem ekki þarf einu sinni að greiða með þeim skólakostnað í nýju sveitarfélagi.

Þetta er örugglega vandmeðfarið og þarf að vera skýrt fyrirfram hvaða reglur gilda um mat á sérþörfum og að óháður aðili geti úrskurðað í deilumálum. Þá þarf að vera skýrt hvernig farið er með annars vegar málefni fósturbarna og hins vegar barna sem foreldrar ráðstafa sjálf t.d. til ættingja án þess að flytja lögheimili þeirra en talsvert hefur verið um slíkt. Þá má ræða fleiri þætti í þessu sambandi, s.s. vinnuskóla – eiga fósturbörn rétt á að fara í vinnuskóla í viðtökusveitarfélagi og þá án endurgjalds lögheimilissveitarfélags? Einn kosturinn við þessa breytingartillögu er að hún áréttar skyldu (viðtöku)sveitarfélags að veita öllum börnum þjónustu.

45.-48. grein. Tillögur að nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað varðar úrræði fyrir börn utan heimilis eru að mörgu leyti ágætar en ýmsar spurningar sem vakna þó. Hingað til hefur verið gjaldfrjáls aðgangur barna að meðferðarheimilum ríkisins og spurning hvort það hafi áhrif á val úrræða hjá barnaverndarnefndum þegar það breytist, og þá ekki endilega alltaf til batnaðar. Jákvætt er að halda inni þeim möguveika að koma við ættingjafóstri (sbr. 84.gr.) þegar hagsmunir barns krefjast en óljóst er hvað verður um skyldu barnaverndarnefnda til að reka bráðaúrræði skv. 84. gr. (til að veita börnum móttöku m.a. í neyðartilvikum). Svo virðist sem gert sé ráð fyrir að það verði ríkisrekið úrræði og þá trúlega staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Vestmannaeyjar njóta talsverðrar sérstöðu landfræðilega og ekki alveg fyrirseð hvernig við kæmum því við að nýta slíkt bráðaúrræði, t.a.m. um miðja nótt þegar beita þyrfti neyðarráðstöfun, sérstaklega þegar reynslan sýnir að sjúkraflugi er ekki einu sinni alltaf við komið. Barnaverndarnefnd Vestmannaeyja hefur gert samning

við einkaheimili um að taka að sér þessa þjónustu og er spurning hvort við og önnur iandfræðilega einangruð svæði fengjum í stað aðgangs að úrræðum á höfuðborgarsvæðinu, fjárhagslegt framlag til að halda okkar úrræðum gangandi.

49. gr. Í nýrri lagagrein, 89. gr. b. er gert ráð fyrir að skerpt sé á heimsóknum og eftirliti barnaverndarnefnda með fósturbörnum sínum. Til að mynda að „barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns.....“ Hins vegar kemur ekki fram, eins og hér var getið á undan varðandi 32. gr., hvernig fer með leyfisveitingu til fósturforeldra sem ekki tryggja aðbúnað og öryggi barns eða jafnvel sýna því óviðunandi meðferð. Barnaverndarnefndir landsins hafa ekki yfir þeim leyfisveitingum að segja en hingað til hefur Barnaverndarstofa að okkar mati of oft afsalað sér ábyrgð á fósturforeldrum og fósturráðstöfunum til barnaverndarnefnda, þrátt fyrir hlutverk sitt varðandi leyfisveitingu í upphafi og fræðslu til fósturforeldra. Í nýrri lagagrein 89. gr. c. er þannig kveðið á um eftirlit Barnaverndarstofu með úrræðum á vegum ríkisins og úrræðum á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. en ekki er að sjá að fósturheimili falli þarna undir. Þó um einkaheimili sé að ræða er brýnt að formlegt eftirlit sé til staðar og þá af hálfu óháðs aðila.

**Bókun fjölskyldu- og tómstundaráðs 26.maí 2010.**

**Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Alþingi um frumvarp til barnaverndarlaga.**

*Fjölskyldu- og tómstundaráð samþykkir meðfylgjandi tillögu að umsögn.*


**Páll Marvín Jónsson**

**Helga Björk Ólafsdóttir**

**Jarl Sigurgeirsson**

**Hafdis Sigurðardóttir**

Fyrir hönd Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja

  
Guðrún Jónsdóttir  
yfirfélagsráðgjafi



Félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P /38/2654*  
*komudagur 2.6.2010*



Reykjavík 2. júní 2010

### **Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga 557. mál.**

Landssamtökin Þroskahjálpi þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til barnaverndarlaga.

Samtökin fagna því að í 2. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir nýjum málslíð sem varðar sérhæfð úrræði fyrir börn með fjölbættan vanda. Að mati samtakanna gengur þetta ákvæði þó of stutt til að tryggjast verði að fötluð börn njóti allrar þeirrar verndar og þjónustu sem nauðsynlegt er m.t.t. barnaverndarsjónarmiða.

Samtökin hafa haft áhyggjur af því að hve litlu leyti barnaverndarlög og barnaverndaryfirvöld hafa litið til hagsmuna fatlaðra barna og þeirra úrræða sem þeim bjóðast sem oft eru sérhæfðar stofnanir eins og skammtímavistanir, sumardvalir og heimili fyrir börn. Fötluð börn eiga oft á tíðum erfitt með að tjá sig, eru í umsjá margra aðila og njóta umtalsverðrar þjónustu utan eigin heimilis. Barnaverndaryfirvöld hafa ekki haft neina aðkomu að eftirliti með þessum úrræðum og hafa ekki komið að vistun fatlaðra barna utan eigin heimilis. **Sömu hagsmunir barns liggja til grundvallar af hvaða ástæðum sem vistun kemur til og því er óeðlilegt að mati samtakanna að barnaverndaryfirvöld hafi ekki aðkomu að vistun fatlaðra barna.** Það að vistun barna fari fram án aðkomu barnaverndaryfirvalda gengur gegn þeirri áherslu starfshópsins sem vann að endurskoðun barnaverndarlaga að tryggja jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra þegar vista þarf þau á heimili eða stofnun. Að mati samtakanna gengur slík framkvæmd einnig gegn 2. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem kveðið er á um að öll börn eigi sama rétt og að engin mismunum megi eiga sér stað. Ástæða er til að minna á að fötluð börn eru í meiri hættu en önnur á að verða fyrir ofbeldi og því enn brýnna að barnaverndaryfirvöld sinni forvörnum og eftirliti gagnvart þeim. Öll ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eiga einnig við um fötluð börn og brýnt að lagasmíð og framkvæmd laga taki mið af því. Fötluð börn njóti þannig allra almennra réttinda og verndar stofnana samfélagsins þó sérhæfð viðbótarþjónusta sé þeim síðan tryggð í lögum um málefni fatlaðra ef þörf er á.

Undir þessi sjónarmið tekur nefnd sem starfað hefur á vegum félags- og tryggingamála-ráðuneytisins og hefur skoðað lög og reglugerðir á Íslandi til að skoða hvaða breytingar gera þarf á íslensku lagaumhverfi svo unnt verði að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Íslendingar skrifuðu undir samninginn árið 2007 og hafa með því skuldbundið sig til að hlíta ákvæðum samningsins. Óheimilt er að samþykkja lög sem ganga gegn ákvæðum hans. Stefnt er að því að samningurinn verði fullgiltur hér á landi innan árs og jafnvel lögfestur.

Meðal þeirra breytinga sem gera þarf skv. tillögum nefndarinnar er að endurskoða barnaverndarlög þannig að það komi sérstaklega fram að þau nái líka til fatlaðra barna, að réttur fatlaðra barna til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra verði tryggður og að

tryggt sé að geta fatlaðra foreldra sé metin með hliðsjón af þeim félagslega stuðningi sem þeim eiga rétt á.

Þá kemur fram í nefndarálitinu að ákvæði vantar í barnaverndarlög um ákvarðanatöku, leyfisveitingar og eftirlit o.fl. þegar um er að ræða vistun fatlaðra barna á stofnunum sem ekki heyra undir barnaverndarlögin. Tillögur nefndarinnar má finna á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins.


Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er lögð áhersla á mikilvægi þess að sé kjarnafjölskylda ófær um að annast fatlað barn þá sé barni útveguð fósturfjölskylda. Í samningnum er ekki gert ráð fyrir að börn vistist á heimilum fyrir börn eða stofnunum enda slík uppeldisskilyrði ekki talin heppileg börnum almennt.


**Af ofantöldu má sjá að nauðsynlegt er að í ný barnaverndarlög verði sett ákvæði um að lögin taki einnig til fatlaðra barna og að ef hugað er að vistun fatlaðs barns fari slík vistun fram á vegum barnaverndaryfirvalda eins og reglan er varðandi ófötluð börn. Slík ákvæði er ekki að finna í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Bregðast þarf við því.**

Sértæk félagsþjónusta við fatlað fólk, þ.m.t. börn, flyst frá ríki til sveitarfélaga frá og með 1. jan. 2011. Frá þeim tíma leggjast svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra niður en þær hafa starfrækt ýmis þjónustuúrræði fyrir börn s.s. skammtíavistanir og heimili fyrir börn. Þær stjórnsýslubreytingar gera það enn brýnna að ofanefndar breytingar verði gerðar á barnaverndarlögum.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa alla tíð lagt áherslu á að fötluð börn njóti sömu réttinda og allrar almennrar þjónustu samfélagsins eins og önnur börn og að mikilvægt sé að stuðlað sé að því að þau búi við sem best uppeldisskilyrði. Slíkar áherslur samrýmast ákvæðum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lög um málefni fatlaðra tryggja fötluðum börnum f.o.f. sértæk þjónustuúrræði vegna fötlunar en tryggja þeim ekki þá vernd sem barnaverndarlög eiga að tryggja íslenskum börnum. Nauðsynlegt er að við þá endurskoðun sem nú er gerð á barnaverndarlögum verði litið til þeirra alþjóðlegu mannréttindasamninga sem Ísland hefur undirritað. Brýnt er að tekið verði mið af þeim viðhorfum sem þar er lögð áhersla á að börn eru börn óháð atgervi og aðstæðum sínum og að mismunun sé óheimil.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Gerður A. Arnadóttir, formaður

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri